



## **Buddur og búpeningur**

Siðfræði dýra, velferð búfjár og viðhorf íslenskra neytenda.

Bryndís Hreiðarsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

## **Buddur og búpeningur**

*Siðfræði dýra, velferð búfjár og viðhorf íslenskra neytenda.*

Bryndís Hreiðarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

September 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Bryndís Hreiðarsdóttir, 2012

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Í ritgerðinni er dýravelferð skoðuð, bæði frá siðfræðilegu sjónarhorni og sjónarhorni alhliða heilbrigðis búdýra í gegnum atferlis- og heilbrigðisrannsóknir. Aðstæður og meðferð íslenskra búdýra er bornin saman við ákveðna velferðarstaðla sem byggja á þekkingu á þörfum hvernar tegundar og atferli. Tilgangurinn er að draga upp mynd af stöðu dýravelferðar í íslenskum landbúnaði. Viðhorf íslenskra neytenda til siðrænnar neyslu eru skoðuð og leitast við að greina hvar Íslendingar standa miðað við nágrannaþjóðir okkar. Leitast er við að varpa ljósi á mikilvægi opinnar samfélagslegrar umræðu og sjálfsmýndar neytenda við mat á siðferðislegum málefnum. Umfjöllunin kallar á rannsóknir og mat á raunverulegri velferð búdýra hér á landi sem lifa við ólíka búskaparhætti. Einnig þarf að kortleggja viðhorf og þekkingu íslenskra neytenda á siðrænni neyslu og velferð búfjár í matvælaframleiðslu.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
1. Dýr í siðfræði.....	7
1.1 Með kantískum gleraugum.....	8
1.2 Út frá nytjahyggju.....	10
1.3 Eiga dýr að hafa réttindi?.....	11
1.4 Siðfræði og samfélagið.....	12
2. Velferð búdýra í íslenskum veruleika.....	14
2.1 Velferðarstuðull.....	14
2.2 Verksmiðjubúskapur.....	15
2.3 Velferð grísa og gyltna.....	16
2.4 Velferð alifugla.....	18
2.5 Lífræn ræktun.....	20
2.6 Hefðbundinn búskapur.....	22
3. Búdýr og íslenskir neytendur.....	25
3.1 Íslenskir neytendur.....	26
3.2 Gerendahæfni íslenskra neytenda.....	28
3.3 Neytendafræðsla og samfélagsumræða.....	30
Lokaorð.....	34
Heimildaskrá.....	36

## Inngangur

Sem menntaskólanemi eignaðist ég þrjá gula unga úr „hefðbundnu“ íslensku kjúklingabúí. Ástæðan var skólafyrirlestur um meðferð dýra í matvælaiðnaði og var það hlutverk unganna að gæða fyrirlesturinn lífi og skemmta samnemendum mínum og kennara. Í fyrirlestrinum týndum við saman allar þær óhugnanlegu staðreyndir sem við gátum grafið upp um illa meðferð á dýrum í bandarískum matvælaiðnaði. Það var ekki fyrr en seinna sem ég áttaði mig á því að ungarnir þrír myndu kenna mér mun meira um veruleika íslenskra búdíra en fyrirlesturinn góði. Eftir fyrirlesturinn fengu ungarnir heimili í hæsnakofa nokkrum á íslenskum bóndabæ á Suðurlandi. Þar vöppuðu þeir fyrstu vikurnar ásamt íslenskum landnámsmönnum, líklega í mun hefðbundnari aðstæðu en þeir hefðu nokkurn tímann gert á kjúklingabúinu. Þegar ungarnir voru orðnir nokkura vikna gamlir fór heimilisfólkinu ekki að lítast á blikuna því vaxtarlag þeirra var afar undarlegt, brjóstið of þungt og jafnvægið lélegt. Það var ljóst að slátrun var óumflýjanleg því þríeykið hafði enga burði til að lifa sem heilbrigð fullvaxta dýr. Síðan þá hafa spurningar um velferð íslenskra búdíra og siðgæðismörk samfélags okkar fylgt mér og voru kveikjan að ritgerðinni.

Ritgerðin skiptist í þrjá hluta. Fyrst skoða ég dýr í siðfræði og hvaða ólíku sjónarhorn einkenna umræðuna. Spurt er spurninga um réttindi dýra, mikilvægi eiginleika þeirra til skynjunar og velt upp mögulegum ástæðum fyrir því að útiloka þau frá reglum sem eiga annars við innan siðaðs samfélags. Í öðrum hluta eru þeir þættir skoðaðir sem mikilvægir eru fyrir velferð búdíra. Velferð búdíra er síðan sett í íslenskt samhengi með því að rýna í þrjá búskaparhætti hér á landi, lífrænan búskap, hefðbundinn búskap og verksmiðjubúskap. Í þriðja hluta skoða ég síðan viðhorf og þekkingu íslenskra neytenda á velferð búdíra í matvælaframleiðslu og hvaða upplýsingar standa neytendum til boða. Að lokum er sett fram tilgáta um möguleg áhrif efnahagshrunsins á gerendahæfni íslenskra neytenda og vonir bundnar við að það geti haft jákvæð áhrif á velferð búdíra til framtíðar.

## 1 Dýr í siðfræði

Í meira en eina og hálfra öld hafa heimspekingar gert tilraunir til þess að kortleggja siðfræðilegt gildi dýra. Ríkjandi í umræðunni hafa verið ýmis einkenni dýra sem hugsuðir hafa talið mikilvæg við þessa kortlagningu. Umræðan um dýr innan siðfræði, sem lagðist í dvala um tíma, komst aftur upp á yfirborðið á seinni hluta 20. aldar og hefur verið frjó síðan. Skiptar skoðanir eru á því hvað skiptir máli þegar siðfræðileg staða dýra er ákvörðuð, hvort það skuli líta til líkamlegra og andlegra eiginleika þeirra, til eiginleika mannanna eða hagsmuna beggja. Áherslan á vitsmunalega eiginleika dýra var áberandi í umræðu hugsuða frá því hún komst upp á pallborðið, en áherslan breyttist þó um miðja 19. öld með tilkomu hugmynda sálfræðingsins Edward P. Thompson, en hann víkkaði út umræðuna með umfjöllun um minni dýra, ímyndunarafli og samskiptahæfileika. (Burghardt, 2009)

Thompson og margir heimspekingar 18. og 19. aldar höfnuðu sýn stærðfræðingsins og heimspekingsins Descartes sem kom fram með sínar hugmyndir um dýr í byrjun 17. aldar. Hann taldi dýr vera vélræn fyrirbæri og að skynhæfni þeirra væri því ekki umræðunni viðkomandi. Aukin viðurkenning á skynhæfni dýra og mikilvægi hennar í umræðunni var áberandi og má segja að nytjastefnan, hugmyndafræði Jeremy Bentham, hafi sprottið úr þeim jarðvegi. Nytjastefnan byggir á því að siðfræðilegt réttmæti aðgerða felist í þeim afleiðingum sem hún hefur. Ólíkt mörgum öðrum heimspekingum lagði Bentham höfuðáherslu á skynhæfni dýra í stað vitsmuna og þá helst eiginleika til að þjást og gleðjast. Hann sagði einungis stígmun á skynjun dýra og manna en ekki eðlismun og taldi hann því skynhæfni mikilvægan þátt í siðfræðilegri umræðu um meðferð þeirra. (Burghardt, 2009) Með þessu færði Bentham áhersluna að mörgu leyti frá vitsmunum dýra yfir á skynhæfni þeirra og hafði djúpstæð áhrif á umræðuna í heild sinni. (Francione, 2008)

Önnur hugmyndafræði, sem hefur verið áberandi í umræðunni er kantismi en hún er kennd við Immanuel Kant, heimspeking sem setti fram sína hugmyndafræði á seinni hluta 18. aldar. Hann hafnaði hugmyndum Benthams á þeim grundvelli að skynjun gleði og þjáninga skipti ekki máli í greiningu siðfræðilegs gildis. Hann benti á að þessir sameiginlegu eiginleikar manna og dýra orsaka samúð í garð dýra. Mikilvægt væri að setja tilfinningar til hliðar þegar siðfræðileg mat væri ákvarðað og væri það grundvöllur þess að siðfræðilegar reglur væru sem hlutlægestar. (Steiner, 2005)

Á sjöunda áratugi 20. aldar vaknaði umræðan um siðfræðilega stöðu dýra fyrir alvöru á ný eftir talsverða lægð. Þá beindu fræðimenn athygli sinni að vitsmunum, meðvitund og samskiptum dýra. Heimspekileg umræða um meðferð á dýrum hefur verið öflug á síðustu

áratugum en ekki síður almennur áhugi á velferð dýra. Einnig hefur áherslan verið meiri á andlega vellíðan dýra en áður var áherslan meiri á líkamleika þeirra. Mikilvægi eðlislægs atferlis tegunda og skynjun þeirra, hefur einnig vegið þungt. (Berghardt,2009)

Innan hinnar siðfræðilegu umræðu um dýr hefur spurningin um möguleg réttindi dýra vakið upp miklar rökræður og mun réttindaviðhorfið skoðað hér. Annars vegar í samhengi við kantíska hugmyndafræði og hins vegar nytjahyggju. Þessi þrjú ólíku sjónarhorn sem eru öll sterk innan umræðunnar munu skoðuð út frá þremur ólíkum heimspekingum: Fox, Regan og Singer, sem allir hafa lagt sitt af mörkum í samtíma umræðu um siðferðilega stöðu dýra. Leitast er við að nýta þessi ólíku sjónarhorn til að varpa ljósi á samskipti manna og dýra, við mat á veruleika íslenskra húsdýra og hvernig þau spegla viðhorf og þekkingu íslenskra neytenda.

### **1.1 Með kantískum gleraugum**

Ef viðhorfin þrjú sem hér hafa verið nefnd, eru borin saman, má segja að hugsun byggð á kantisma skeri sig nokkuð úr, þar sem hún byggir mat sitt nær eingöngu út frá mannum. Kjarninn er byggður á hugmyndum Rene Descartes sem heimspekingurinn Immanuel Kant þróaði áfram og er kantismi ákveðin heimspekileg stefna sem nota má við siðfræðilegt mat í ólíkum aðstæðum. Descartes og Kant lögðu báðir áherslu á einstakan eiginleika mannkynsins til að hafa skilning á og getu til að sjá ákvarðanir sínar í samhengi við tilgang. Mannkynið hefur því, að þeirra mati, hæstu stöðu innan náttúrunnar og hlutverk mannsins er í raun að vera tilgangur náttúrunnar. Kant sá því dýr fyrst og fremst sem tól til að mæta þörfum og löngunum mannsins. (Steiner, 2008) Pascalev (2006) bendir á að greina megi ríkjandi vestræn viðhorf í hugmyndum Descartes og Kant þar sem tilvera dýra var meira og minna hugsuð út frá tækifærum til mannlegrar nýtingar. Kant fordæmdi grimmd á dýrum en ástæðan var ekki vegna dýranna sjálfra heldur benti hann á að fólk sem er grimmt við dýr væri líklegra til að koma eins fram við fólk.

Óbeina skylduviðhorfið leggur áherslu á skyldu manna til að skaða ekki eða gera ekki á hlut annara. Því er siðferðilega rangt að skaða dýr ef það hefur áhrif á einstaklinga, til að mynda eiganda dýrsins. Ef þjáning eða skerðing lífsgæða dýrs hefur engin áhrif á menn er því ekki hægt að segja að það brjóti siðferðisreglur. Þessi hugmynd er oft rökstudd út frá sanningshyggju (contractarianism). Sú kenning gengur út frá því að siðferði mótist og ákvarðist í viðhorfum margra einstaklinga sem sameinast um ákveðnar reglur og hafa þá vitsmuni sem þarf til að lúta þeim reglum. Í staðinn lifa þeir undir verndarvæng þessara reglna. Vegna vangetu annarra tegunda til að taka þátt í mótun slíkra viðmiða og til að lúta



reglum sem byggja á þeim, eiga þær ekki að tilheyra þeim hópi sem hefur siðferðilega stöðu. (Regan, 2010)

Fox (2010) setur fram sambærilegar hugmyndir. Hann rökstyður viðhorf sín til siðferðilegrar stöðu dýra í gegnum hugmyndafræðina um hið siðaða samfélag. Hið siðferðilega samfélag byggir á sameiginlegum skilningi ákveðins hóps og viðurkenningu á sameiginlegum einkennum flestra meðlima hópsins. Í gegnum samskipti skapast ákveðin sameiginleg siðferðisvitund og reglur sem meðlimum hópsins ber að lúta.

Óbeina skylduviðhorfið og hugmyndafræði Fox hafa verið gagnrýnd fyrir að taka ekki tillit til skynjunar dýra á sársauka og enn fremur afneitun þeirra á að sú skynjun skipti máli. Regan (2010) og Singer (2010) benda á að margir sem tilheyra mannkyninu, svo sem ungabörn og fólk með alvarlegar heilaskemmdir, hafi jafnvel færri eiginleika en mörg dýr til að taka þátt í mótun siðferðisviðhorfa og enga hæfni til að bera siðferðilega ábyrgð á gjörðum sínum. Því ættum við samkvæmt óbeina skylduviðhorfinu að koma fram við þessa einstaklinga mannkyns, svo lengi sem þeir hafa ekki ástvini á bak við sig, á sama hátt og við gerum við dýr. Öfugt við Fox notar Regan (2010) þessi rök til að styðja þá afstöðu sína að menn hafi beinar siðferðisskyldur gagnvart dýrum. Fox (2010) segir þessi rök einkennast af siðferðilegum skorti á næmni sem ætti að hafna. Hann segir flesta sammála því að tilfinningar okkar gagnvart skyldleika við ákveðnar dýrategundir hafi mótandi áhrif á siðferðilega stöðu þeirra. Á sama hátt ætti skyldleiki okkar sem tilheyrum mannkyninu að réttlæta það að allir menn hafi sömu siðferðisstöðu, burtséð frá því hversu marga af þeim eiginleikum sem skapa sjálfræði einstaklingur hefur. Það væri því þessi sammanlegi uppruni sameiginleigi skyldleiki okkar sem gerði það að verkum að allt mannkyn hefði sömu réttindi. Regan (2010) hafnar þeim rökum að skyldleiki geti ákvarðað siðferðisstöðu og segir hugmyndina vera hreina tegundarhyggju en tegundarhyggja lýsir því þegar verum er mismunað eingöngu á grundvelli tegundar.

Fyrir heimspekinga sem aðhyllast kantisma hefur verið hvað erfiðast að sættast á afstöðuna til skyldna manna gagnvart dýrum. Ástæðan er aðallega sú að þessi hugsun útilokar að skynjun og þjáning dýra sé siðferðilega mikilvægur þáttur, þar af leiðandi skiptir velferð dýra ekki máli. (O'Hagan, 2009) Tilraunir nútíma heimspekinga til að þróa og bæta kantíska hugsun þegar kemur að dýrum, hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Þó ekki sé hægt að útiloka að svo verði telur O'Hagan að þrautseigja vandamálsins vekji sannarlega upp áhyggjur.

Kantisminn leggur höfuð áherslu á eiginleika til að bera siðferðis skyldur og taka þátt í siðuðu samfélagi en hafnar því að skynjun, tilfinningar og vitsmunir dýra séu mikilvægir þættir í umræðunni. Kantisminn vekur upp spurningar um eðli siðferðis og hvort að rétt og rangt geti mögulega verið háð skilyrðum. Berum við einungis skyldur ef við græðum eitthvað á því eins og kannski á við um umferðalögin sem byggja á samkomulagi samfélags og þjóna

þeim tilgangi að koma í veg fyrir slys á sjálfum okkur og öðrum. „Ég keyri ekki yfir á rauðu ljósi ef þú gerir það ekki.“ Þá má einnig spyrja sig hverjar fórnir eru fyrir dýr í samskiptum og sambúð sinni með mannum og hvort frelsissvipting kalli ekki á ákveðnar skyldur og fórnir á móti.

## 1.2 Út frá nytjahyggju

Þegar fjallað er um nytjahyggjuna í tengslum við siðferðilega stöðu dýra er algengt að vitnað sé í Bentham, upphafsmann hugmyndafræðinnar:

„Spurningin er ekki hvort þau hafi rökhugsun, né hvort þau geti talað, heldur hvort þau geti þjáðst.“

(Bentham, 1823, bls 236 )

Í hugmyndafræði nytjahyggjunnar voru þjáningar dýra viðurkenndar og þau ekki talin siðferðilega óæðri. Þannig voru dýr staðsett við hlið manneskjunnar í siðfræðilega hugmyndafræðinni. (Pasclev, 2006)

Hugmyndafræði Benthams byggir á tveimur megin hugmyndum. Í fyrsta lagi á jafnrétti allra lifandi vera þar sem sambærilegir hagsmunir hafi sama gildi. Má þá einu að gilda um kyn, kynþátt, þjóðerni, vitsmuni eða tegund. Í öðru lagi á jafnaðarlögmálinu, sem byggir á jöfnum rétti til lífs. Jafnaðarlögmálið mælir jafnvægi á milli jákvæðra og neikvæðra áhrifa verknaðar og leitast við að hámarka heildarhagsmuni. Samkvæmt reglunni á siðfræðilegt mat að byggja á útreikningi hagsmuna. Það ber að framkvæma það sem þjónar hlutfallslega flestum hagsmunum, sama hveira hagsmunirnir eru. Að þessu leyti má segja að nytjahyggjan og kantísk hugmyndafræði séu á öndverðum meiði þar sem hin fyrrnefnda leitast við að fórna sem minnstum hagsmunum á meðan hin síðarnefnda leggur áherslu á hveira hagsmunirnir eru og metur mikilvægi þeirra út frá því. (Regan,2010)

Singer (2010) er einn helsti talsmaður jafnaðarlögmálsins í samtímaumræðu um siðferðilega stöðu dýra. Hann leggur höfuðáherslu á skynhæfni dýra og manna og eiginleika þeirra til að finna fyrir sársauka og ánægju. Hann leggur einnig áherslu á gildi lífs og réttinn til að vera á lífi en samkvæmt Regan (2010) gerir réttindasjónarmiðið það einnig. Singer heldur því fram að ávinningur þess að borða ákveðna tegund matar geti ekki verið meira virði en ávinningur þess að halda lífi. Á það bætast þeir hagsmunir sem mökulega voru ekki uppfylltir, til að mynda ef um er að ræða búdyr sem býr við lága velferð. Singer vill meina að tilhneiging mannsins til að taka sína hagsmuni yfir hagsmuni annarra dýrategunda lýsi tegundarhyggju af þeirra hálfu.

Regan (2010) gagnrýnir virkni jafnréttisreglu nytjahyggjunnar fyrir skort á virðingu fyrir gildi einstaklingsins. Hann telur að með því að einblína á hagsmuni fari áherslan af

einstaklingnum og á eiginleika. Til að mynda geti komið upp aðstæður þar sem einstaklingi sé fórnað fyrir hagsmuni fjöldans, séu hagsmunir fjöldans metnir meiri en einstaklingsins. Í því samhengi má segja að nytjahyggjan sé í mótsögn við viðurkennda reglu innan siðfræðinnar að ekki sé í neinu tilfalli réttlætanlegt að fórna einstaklingi fyrir fjöldann. Einnig hefur verið bent á þá erfiðleika sem felast í mati og ákvörðun fjölbreyttra og ólíkra hagsmuna.

Singer er ekki talsmaður réttindaviðhorfsins eins og Regan. Hins vegar telur hann að okkur beri að tryggja mönnum og dýrum ákveðinn grundvallarrétt. Rétt allra til að vera ekki pyntaðir, rétt til frelsis og rétt til að lifa. Þegar kemur að þessum þáttum telur hann að hagsmunir einstaklings hljóti að veða meira en ávinningur annarra. (Pascalev, 2006) Ólíkt kantisma og óbeina skylduviðhorfinu hefur Singer bent á að ekki er hægt að rökstyðja pyntingar á dýrum með rökum um skort á vitsmunum þar sem það myndi þýða að ungabörn og aðrir með skerta greind eða meðvitund ættu ekki síður að vera notaðir til rannsókna. Með þessu hefur Singer vakið reiði meðal fólks sem telur hann tala fyrir pyntingum á þeim sem minna mega sín. Hins vegar notar Singer þessi rök til að sýna fram á rökskekkjuna í því að réttlæta pyntingar á dýrum með þessum hætti.

Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika og veika punkta nytjahyggjunnar hefur hún þó komið dýrum inn á sjóndeildarhring siðfræðinnar og fræðimenn barist fyrir þeirri hugmynd að allar verur með ákveðna skynhæfni sitji við sama borð þegar kemur að siðferðilegri stöðu þeirra.

### **1.3 Eiga dýr að hafa réttindi?**

Þrátt fyrir að margir upplifi Singer og hans hugmyndir sem öfgakenndar hefur heimspekingurinn Tom Regan gagnrýnt Singer fyrir að ganga ekki nógu langt í að verja rétt dýra. (Pascalev, 2006) Réttindaviðhorf Regan byggir á því að verur hafi innra gildi. Hann kallar verur með innra gildi verur lífs og hafa þær vitsmuni, skynjun, langanir, trú, minni og væntingar, en fyrst og fremst er þeim annað um eigið líf. Þetta innra gildi er óháð því hvort veran hafi gildi í sínu samfélagi, óháð persónuleika og líkamlegum einkennum. Það er jafn verðmætt fyrir allar verur og eigi því allir að hafa jafnan siðferðilegan rétt til að verða ekki fyrir skaða. (Regan, 2010) Þrátt fyrir að réttindaviðhorfið eigi ýmislegt sameiginlegt með nytjastefnunni, allavega hvað varðar áhersluna á óskilyrt jafnrétti, gildi lífs og réttinn til að vera á lífi, telur Regan að þær séu á öndverðum meiði þegar kemur að gildi einstaklingsins. Hann gagnrýnir nytjahyggjuna fyrir að leggja ofuráherslu á hagsmuni og telur að einstaklingurinn sjálfur eigi á hættu að missa gildi sitt.

Lee (2008) telur rök Regans ekki nógu sterk og bendir á að hann útskýri ekki með skýrum hætti af hverju verur hafi þetta gildi og hver tengslin séu á milli innra gildis og lífs. Enn fremur telur hann að Regan útskýri ekki afhverju gildi sé ekki bundið við verur með

rökhugsun og siðferðiskennd eins og kantisminn vill meina. Lee setur fram sína eigin hugmyndafræði þar sem má segja að hann taki þætti úr viðhorfum nytjahyggjunnar sem Singer fylgir og kantismanum sem Regan aðhyllist. Hann kallar hugmyndafræðina „hagsmuna nálgun“ (interest account). Hún byggir í stuttu máli á hagsmunum, rétti og skynsemi. Vera sem upplifir vanlíðan eða vellíðan hefur hagsmuna að gæta. Ef vera hefur hagsmuni er hún rétthafi og ber skynsemisverum að taka tillit til og virða þann rétt. Það má velta fyrir sér hvort Lee nái því besta úr báðum áttum með því að tengja rétt við greinanlega hagsmuni í stað innra gildis sem erfitt er að rökstyðja, án þess þó að hagsmunirnir fái meira gildi en einstaklingurinn.

Fox (2010) gagnrýnir réttindaviðhorfið og segir það dæmi um nýlega tilhneigingu innan Bandaríkjanna og víðar til að nota réttindi til að knýja fram breytingar. Hann telur að með þessu hafi réttindahugtakið verið misnotað og misst gildi sitt. Hugmyndir um réttindi dýra hafa þó notið vaxandi vinsælda og sífellt fleiri telja að dýr skuli njóta réttinda og er þá rétturinn til lífs, til að þjást ekki og til lágmarks lífsgæða mikilvægastir. Regan (2010) telur tíma til kominn að viðurkenna jafnan rétt manna og dýra á að njóta virðingar. Hann bendir á að notkun á dýrum til að uppfylla eigin langanir eða markmið sé í mótsögn við réttindaviðhorfið og þyrfti því að hætta allri notkun á dýrum í vöruframleiðslu og í vísindalegu skyni ef menn hefðu í hyggju að lifa samkvæmt nálguninni. Hann telur hefðbundna meðferð á dýrum ósiðlega, bæði vegna þjáninga dýra og þess viðhorfs að notkun dýra sé sjálfsögð. Sú hugsun stríðir gegn hugmyndafræði hans um verur lífs og jafnan rétt þeirra.

#### **1.4 Siðfræði og samfélag**

Doerfler (2006) segir samfélagslega umræðu um siðferðileg málefni hafa eflst á undanförunum árum. Annars vegar í tengslum við nýja tækni og áhrif hennar og hins vegar í tengslum við velferð landbúnaðardýra og ábyrgð manna gagnvart þeim. Pescalev (2006) tekur í sama streng og segir Vesturlönd hafa í auknum mæli gefið siðferðilegri stöðu dýra athygli. Nútíma siðfræðingar og aðilar sem vinna að stefnumótun tengt dýraíðnaði, aðhyllast flestir siðferðilegar nálganir sem eru ekki eins róttækar og nálganir Regan, Singer og Fox. Þrátt fyrir aukna áherslu á velferð dýra eru fáir sammála því að hætta eigi notkun dýra í matvæla- og vöruframleiðslu. Í dag er þó almennt viðurkennt að dýr eru gæddar skyni og velferð þeirra á að hafa gildi í stefnum og gerð laga.

Aukin fjöldaframleiðsla í dýraeldi í Evrópu hefur sýnt fram á verri lífslíkur og heilsu búdýra, út frá því hafa sprottið umræður um velferð dýra í slíkri framleiðslu. Gert er ráð fyrir að hugmyndir um velferð dýra eigi eftir að breiðast út um heiminn og hefur þrýstingur frá

Evrópu um bættu meðferð dýra komið í auknum mæli fram í alþjóðlegum viðskiptasamningum. (Doerfler, 2006)

Þegar gerðar eru tilraunir til að staðsetja dýr innan siðferðilegs ramma, virðast álitamálin vera ótalmörg. Áhersla á vitneskju um skynjun og vitsmuni dýra er þó áberandi. Einnig hafa litlar vísbendingar um siðferðilega hugsun dýra og vangetu þeirra til siðferðilegrar ábyrgðar vegið þungt.

Gott er að hafa þessi ólíku sjónarhorn í huga þegar íslenskir búskaparhættir eru skoðaðir með velferð búdýra að leiðarljósi. Er til að mynda áherslumunur á mikilvægi skynjunar og vitsmuna merkjanlegur milli búskaparháttanna í íslenskum búskap? Er valdasambandi manna og dýra gefinn gaumur? Hafa dýr réttindi og mögulegar skyldur? Er eðlismunur á því að bera skyldur og að vera skyldugur? Gott er að hafa þessar spurningar í huga þegar mat er lagt á velferð og stöðu okkar eigin búdýra í íslensku nútímasamfélagi.

## 2 Velferð búdyra í íslenskum veruleika

Markviss notkun dýra hefur leikið mikilvægt hlutverk í þróun samfélaga og hefur fjöldi dýrategunda verið notaður til flutninga og til að fæða og klæða menn. Eins og Fraser og Broom (1990) benda á hefur tegundavalið meðal annars ákvarðast af atferli dýranna og andlegum og líkamlegum hentugleika til undaneldis. Eiginleikar umönnunaraðila og þekking á atferli dýra og túlkun hegðunar, hefur því verið mikilvægur þáttur í sögu dýranotkunar. Góðir dýrahirðar hafa ætíð verið þeir sem kunna að túlka hegðun dýra sinna og bregðast við vandamálum sem upp koma. Þrátt fyrir að umræða um siðfræðileg efni geti verið hjálpleg á ýmsan hátt við mótun reglna og við ákvörðun áherslna í landbúnaði, leggja Fraser og Broom áherslu á að siðferðileg viðhorf séu tekin til hliðar þegar mat er lagt á dýravelferð. Dýravelferð er spurning um ástand dýrs burtséð frá því hvort ástæða ástandsins sé af manna völdum eða ekki. Það er hins vegar mannlegt mat hvar mörkin liggja. Hvenær slæm meðferð er ólífandi og hvaða búskaparhættir tryggja ásættanlega velferð búdyra.

### 2.1 Velferðarstuðull

Rannsóknir á velferð dýra og hvaða þættir stuðla að henni þróuðust mikið á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Með því að rýna í eiginleika dýra til að bregðast við aðstæðum, áreiti og umhverfi hefur verið hægt að setja fram rökstuddar vísbendingar um þá þætti sem hafa einna mestu áhrifin á velferð dýra. Þessar rannsóknir hafa meðal annars skoðað lífslíkur dýra, frjósemi, hormónastarfsemi, tíðni óeðlilegrar hegðunar og tíðni sjúkdóma í aðstæðum sem þekkjast í landbúnaði í dag, bæði hér á landi og víðar. Lengi var lögð einhliða áhersla á að líkamlegur sársauki drægi úr velferð dýra en nú er það viðurkennt að langtíma viðvarandi ástand þar sem þörfum dýrsins er ekki mætt, til að mynda langtíma vannæring, dragi ekki síður úr velferð en beinn sársauki. Það er mat Fraser og Broom (2007) að þekkingin sé orðin svo víðtæk að hana beri að nýta við hönnun gripahúsa, við meðferð, fóðrun, slátrun og fleira sem tengist dýrahaldi.

Eðlislægt atferli dýra er þáttur sem hefur fengið aukið vægi við mat á dýravelferð. Dýr hafa þörf fyrir að hugsa um sinn líkama á ákveðinn hátt. Til dæmis til að halda honum hreinum, að hita og kæla hann eftir aðstæðum, snyrta og greiða. Þessi hirðing líkamans er framkvæmd á skipulagðan, ákveðinn hátt og er stór hluti af daglegum athöfnum dýra. Hún ýtir undir vellíðan, dregur úr óþægindum og er því mikilvæg í hversdagslífi dýra. Aðstaða sem gefur dýrum kost á slíkri líkamsumönnun er því, samkvæmt Fraser og Broom (2007), mikilvægt velferðamál. Margt bendir til þess að andlegt álag á dýr aukist til muna í aðstæðum

þar sem þau hafa ekki tök á að fylgja eftir þessum grunnþörfum sínum og má greina einkenni í atferli dýrsins sem lýsa vanlíðan og hjálparleysi. (Fraser og Broom 1990)

Þrátt fyrir að upplifun og líðan hvers dýrs sé persónubundin og hana sé einungis hægt að meta óbeint, má nota ákveðna mælikvarða til að meta mikilvægi þátta og hvernig þeir hafa áhrif á lífsskilyrði dýra og andlega líðan. Webster (1994) segir mikilvægt að gera greinamun á streitu og þjáningum. Streitan kemur fram þegar dýrið þarf að bregðast við aðstæðum sem eru því ekki eðlilegar en þjáning tekur við ef streitan er svo mikil að dýrið hefur ekki tök á að bregðast við og hafa stjórn á aðstæðum sínum. Það á einnig við þegar dýrið fær ekki möguleika til að leggja sitt af mörkum til að skapa sér betri skilyrði til lífs, þrátt fyrir að umhverfið sé ekki endilega streituvaldandi.

Webster (1994) setur fram fjórar frelsisreglur í þeim tilgangi að varpa ljósi á mikilvægustu velferðarmálin þegar kemur að dýranotkun. Í fyrsta lagi er það frelsi frá þorsta, hungri og vannæringu. Frelsi frá óþægindum, sársauka, meiðslum og sjúkdómum, frelsi til eðlilegs atferlis og frelsi frá ótta og streitu. Hann telur að það megi nota þessar fjórar reglur til að leggja mat á ástand dýra í ólíkum aðstæðum. Hann segir þó ekki raunhæft að ætla dýrum algjört frelsi frá þessum þáttum heldur eigi aðstæður að vera þannig að þessir þættir hafi ekki meiri áhrif á dýrið en það ræður við.

## 2.2 Verksmiðjubúskapur

Í byrjun 20. aldar hafði notkun dýra aukist mikið og mátti rekja breytinguna til aukinnar samfélagslegrar eftirspurnar. Dýrum var í auknum mæli haldið í hópum á afmörkuðum svæðum (concentrated populations). Búskapurinn þróaðist yfir í markvissa framleiðslu og ný meðhöndlunarkerfi fóru að sjást. Til dæmis hafði tilkoma ákveðinna bása og hólfa í svína-, nautgripa- og alifuglarækt breytt miklu. Það olli því að stórum hópum dýra var haldið á mun afmarkaðra svæði en áður þekktist. Lengi var gert ráð fyrir því að þessar dýrategundir gætu aðlagast þessum nýju aðstæðum en nýleg þekking á atferli og hegðun dýra við þessar aðstæður hefur sýnt fram á að svo er ekki. Helst hafa rannsóknir leitt það í ljós að slík kerfi hafa ekki endilega áhrif á líkamlegt ástand dýra en gallana má greina í óeðlilegri hegðun og atferli hjá dýrunum. (Fraser & Broom, 1990)

Á Vesturlöndum hefur búskapur breyst mikið á liðnum áratugum og hefur fjárhagslegur ávinningur oftast ráðið þegar kemur að framleiðslu. Að setja þessi orð, búskap og framleiðslu svo auðveldlega í sömu setningu segir ef til vill meira en mörg orð. Velferð dýra virðist hafa orðið undir í viðleitninni við að framleiða sem mest á sem stystum tíma og í kjölfarið bjóða neytendum upp á ódýrari vörur. Webster (1994) segir áhersluna vera á að ná dýrum í ákjósanlega sláturþyngd á sem stystum tíma og nýta hvert dýr til fullnustu. Með

lækkandi kjötverði verður þrýstingurinn á bændur meiri, sem veldur auknum sparnaði í rekstri. Sparnaðurinn kemur meðal annars fram í skertu rými fyrir hvert dýr og skertum tækifærum til eðlilegra athafna og félagslegra tengsla. Slíkan búskap nefnir hann verksmiðjubúskap. Skilgreining hans á fyrirbærinu er framleiðslukerfi þar sem dýr hafa verið færð af náttúrulegu landi og inn í stór tæknivædd hús eða rými þar sem næring er sköffuð og úrgangur fjarlægður með vélum. Það sem veldur mestum velferðaráhyggjum að hans mati, er staða vinnudýra þar sem framleiðslugeta þeirra er nýtt til fullnustu, samfara rýmisskerðingu og óeðlilegu umhverfi.

### 2.3 Velferð grísa og gyltna

Atferli svína byggir á félagslegu sambandi þeirra við önnur svín. Þeim er eðlislægt að róta í jarðvegi og velta sér í honum. Lampkin (1990) segir þessa þörf ekki bara koma fram þegar dýrin vantar fæðu heldur sé hegðunin þeim eðlislæg. Skortur á tækifærum til að mæta þessari grundvallar þörf er líklegur til að koma fram í óeðlilegri hegðun. Svín eru ekki ein um þetta því óeðlilegar og síendurteknar hreyfingar, sem stinga í stúf við eðlilega hegðun tegundar, hafa verið greindar í miklum mæli hjá dýrum sem haldið er í búrum eða litlum rýmum. Hegðunin hefur yfirleitt ekki jákvæð áhrif á dýrið og getur verið því, eða öðrum dýrum, skaðleg. Dæmi um slíka hegðun er tilhneiging svína til að naga hala hvers annars, rúlla augunum eða hnykkja höfði endurtekið til hliðar. (Fraser og Broom 1990)

Grísagarður er eitt af mörgum íslenskum stórbúum sem rækta svín (Grísagarður, 2012). Á heimasíðu búins segir að heilbrigði grísa á búinu sé með því besta sem þekkist. Þrátt fyrir að mörg dýr séu á búinu, 540 gyltur og grísir að auki, er með góðu skipulagi hægt að fylgjast vel með hverju einasta dýri. Á síðunni er gott heilbrigði sagt einkenna búíð. Karlkyns grísir séu geltir á fjórða degi og fá sprautu af járni. Þá sé klipptur af þeim halinn til að koma í veg fyrir halabit.

Í viðtali við dýralækninn Sif Traustadóttur, í sjónvarpsþættinum “Silfur Egils” 11. desember 2011, gagnrýndi hún mikla lyfjanotkun og fjöldaframleiðslu í svínarækt á Íslandi. Grísir séu bæði geltir og halinn klipptur af þeim án deyfingar. Ástæðu þess segir hún vera sýkingarhættu vegna sára sem grísirnir fá þegar þeir naga halann hvor á öðrum, en þrengsli og umhverfi sem hentar illa þeirra atferli, veldur þessari óeðlilegu hegðun. Sif vill að svín á Íslandi fái að fara út og bendir á að ákveðnar tegundir svína henti vel til útiveru hér á landi.

Lampkin (90) bendir á að þó halarnir séu teknir af sé vandamálið ekki horfið og grísirnir haldi áfram að hegða sér undarlega. Til dæmis hafa grísir tekið upp á því að nudda endaparm hvors annars í stað þess að naga halann ef hann er ekki til staðar. Þetta veldur því að grísirnir missa saur oft og endaparmur þeirra bólgnar. Með því að taka halann af grísum



er komið í veg fyrir óhentug einkenni vandamálsins í stað þess að leita að rót vandans og vinna að lausn hans. Hið sama kom fram í viðtali Sifjar í Silfur Egils. „...þú ert ekki að leysa vandann. Þú ert að taka í burtu birtingarmynd vandans og sneiða dýrin til, til þess að þau passi inn í verksmiðjuna.,, (Egill, 2011 mín. 12)

Turner, höfundur skýrslu á vegum sjóðsins „Samúð í búskap heims” (Compassion in World Farming Trust) sem kom út árið 2006, er undirstrikað mikilvægi þess að grísir fái að róta og naga eins og þeim er eðlislægt. Hún bendir á rannsóknir sem hafa sýnt fram á að halanag minnkar mikið eða hættir alveg ef grísirnir hafa aðgang að stráum til að róta í eða fái að fara út.

Í mastersritgerð sinni í lögfræði skoðaði Árni Stefán Árnason (2011) ýmsa þætti reglugerðarinnar um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit með svínabúum. Reglugerðin var þá sú elsta sem notast var við í landbúnaði eða tæplega 20 ára gömul. Hann sagði reglugerðina í engu samhengi við þekktar eðlislægar þarfir svína og bendir meðal annars á að athafnarými dýranna sé ekki í samræmi við stærð þeirra og eðli. (reglugerð, 1991) Í apríl 2011 var tekin í notkun ný reglugerð þar sem dýravelferð er gefinn meiri gaumur. Samkvæmt henni er þó leyfilegt, í brýnni nauðsyn, að klippa hala af grísum og leyfilegt er að gelda grísi án deyfingar ef það er gert á fyrstu sjö dögum lífs. (Jón, 2011) Sem dýralæknir furðar Sif (Egill, 2011) sig á þessu ákvæði en hún segist ekki hafa séð neitt sem bendir til þess að sársaukaskyn grísa sé minna á fyrstu dögum lífs. Turner (2006) bendir á rannsókn sem gerð var á áhrifum geldingar á grísi. Viku eftir aðgerðina sýndu geldu grísirnir minni virkni en hinir, þeir skulfu meira, sveifluðu hölunum örar og hreyfðu sig óeðlilega. Þeir virtust einnig leggjast hægar niður og sumir köstuðu upp. Það var mat rannsækenda að grísirnir fyndu fyrir töluverðum sársauka í að minnsta kosti nokkra daga eftir geldinguna.

Velferð gyltna í verksmiðjubúskap hefur einnig vakið athygli fræðimanna og rannsækenda sem skoðað hafa verksmiðjubúskap. Villtar gyltur og gyltur sem hafa stór landsvæði til afnota ganga allt að 5-10 kílómetra í leit að hentugum hreiðurstað. Sumar þeirra undibúa og snyrta hreiðrið til í allt að tíu klukkustundir en í hreiðrinu eru þær með grísina fyrstu tvær vikurnar og sameinast síðan hópnunum á ný. (Turner, 2006) Gyltan hefur grísina á spenum í tólf vikur í eðlilegum aðstæðum en í framleiðslu hafa vikurnar sem grísir fá hjá móður sinni verið skornar niður í 8 vikur, síðan fimm og nú er algengt að grísir séu vandir á annað fóður við 3 vikna aldur. Á þeim aldri segir Turner grísina enn vera mjög háða móður sinni, bæði líkamlega og félagslega. Webster (1994) segir þetta aðallega gert til að auka framleiðslugetu hvernar gyltu á ári. Að venja grísina á annars konar fæðu við þriggja vikna aldur getur valdið meltingarvandamálum, hungri og ofnæmi. Það eru mikil viðbrigði að fara frá hitaljósinu, sem þeir liggja undir, í köld hólfi og geta þeir átt á hættu að fá sýkingar og

verða fyrir árásum þegar mörg got eru sett saman í stú. Ekki má gleyma því öryggi og félagslegri kennslu sem grísirnir fara á mis við ef þeir eru teknir of snemma frá gyltunni.

Webster bendir á annan þátt sem skerðir ekki síður félagsleg tengsl gyltu og grísa. Það eru gjafagrindurnar sem gyltur hafast við í þær 3-4 vikur sem grísirnir eru á spena. Þennan tíma getur gyltan einungis staðið eða legið og henni er færður matur á færbandi og hefur grindin því mjög heftandi áhrif á gyltuna. Grísirnir eru í öðru hólfi og hafa aðgang að spenum gyltunnar í gegnum grind. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að gylturnar leggist ofan á grísina sína en á því er hættu þegar plássið sem hún fær er of lítið. Þetta fyrirkomulag segir Webster valda gyltunni miklum óþægindum og komi í veg fyrir samskipti hennar við grísina. Þessar grindur eru notaðar víða í svínarækt á Íslandi og má sjá dæmi þess á heimasíðu Grísagarðs. (2012) Sif (Egill, 2011) tekur í sama streng og segir gylturnar ekki eiga möguleika á að sinna grísunum sínum í þessum aðstæðum. Turner (2006) bendir á að hærra hlutfall streituhormóna hafi mælst hjá gyltum sem hafðar eru í slíkum gjafagrindum en hjá þeim sem fá rými til að búa til bæli og hugsa um grísina. Af öllum landbúnaðardýrum er líklegt að rétt hönnun húsnæðis sé mikilvægust fyrir svín. Líkur á sjúkdómum og óeðlilegri hegðun virðist hækka mikið ef aðstæður eru ekki nógu góðar og eru gjafagrindur og steypugólf meðal þess sem ógnar velferð svína hvað mest. (Lampkin, 1990)

## 2.4 Velferð alifugla

Áhersla á fjöldaframleiðslu og hagræðingu innan dýraeldis á undanförunum árum og áratugum hefur ekki síður haft áhrif á velferð alifugla í kjúklingarækt og eggjaframleiðslu. Hænsnfuglum er eðlislægt að lifa í litlum hópum. Þeir kroppa í jörðina á daginn og nota lágan gróður sem vörn frá árásum að ofan en á nóttunni sofa þeir á lágum greinum, tiltölulega öruggir frá hættum að neðan. Innan hópsins skapast ákveðin goggunarröð sem kemur í veg fyrir átök innan hans. (Webster, 1994)

Í eggjaframleiðslu er hænum þjappað saman í lítil búr þar sem þær framleiða egg í u.þ.b fimmtíu vikur. Turner bendir á að árið 2006 hafi verið talið að 70-80 prósent hæna í eggjaframleiðslu væru í búrum. Þá deila fjórar til fimm hænur búri og er algengt í Evrópu að hver hæna hafi þá eitt A4 blað til umráða en plássið er jafnvel minna í Bandaríkjunum. Árni (2012) rýndi í reglugerð sem ákvarðar búrstærðir varphænsna. Honum þótti hún óljós en setti sig í samband við Ólaf R. Dýrmondsson, ráðunaut hjá Bændasamtökunum, og fékk þær upplýsingar að íslenskum varphænum sé haldið 4-5 saman í búri og er legupláss hvers fugls eitt A4 blað. Búrastærð hér á landi virðist því vera sambærileg og í Evrópu.

Webster (1994) segir þessa framleiðsluáferð skapa margvísleg velferðarvandamál sem margoft hefur verið sýnt fram á. Til að mynda má þar nefna skaða á fiðri vegna núnings

og goggunar, fótaáverka, veik bein (osteoporosis) og andlegt álag vegna skertra möguleika á eðlilegu atferli. Sif (Egill, 2011) tekur í sama streng og segir vandamálið þekkjast í eggjaframleiðslu á Íslandi. Hún telur goggun hæna hvor í aðra mikið vandamál og segir ástæðuna vera tilbreytingaleysi í umhverfi og skerta möguleika á eðlislægri hegðun, svo sem flögri og kroppi í jörðina. Webster segir helst tvær ástæður fyrir því að búr í eggjaframleiðslu skerði velferð eggjahæna. Í fyrsta lagi er það hjálparleysi og pirringur vegna skorts á möguleikum til hreiðurgerðar, kropps og annara eðlislægra hvata en í öðru lagi er það skortur á möguleikum til hreyfingar sem veldur heilsufarslegum vandamálum. Um þetta er rætt í íslensku samhengi í bókinni *Melrakki; Loðdýr, hænsn, geitur, svín* eftir Jón Torfason (2002) og segir hann búranotkun í eggjaframleiðslu umdeilda hér á landi. Vegna mikillar framleiðslugetu og góðrar nýtingar á bæði fóðri og gólfplássi sé þessi framleiðslukostnaður lægstur í búakerfi en á sama tíma leiðir skert hreyfingeta til vöðvarýrnunar og lélegra beina sem brotna auðveldlega þegar þær eru teknar úr búrunum. Auk þess skerða búrin möguleika hænanna til eðlilegs atferlis eins og hér hefur verið nefnt.

Önnur leið er að láta hænurnar ganga lausar í stórum hópum en Webster er hins vegar ekki sannfærður um að það sé rétta lausnin. Hann segir mikla baráttu koma upp í svo óeðlilega stórum hópum og að dánartíðni þeirra sé fimm sinnum meiri en hjá þeim hænsnum sem haldin eru í búrum. Hans mat er því að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að velferð eggjahæna sé meiri í stórum lausum hópum en velferð búrhæna. Hann telur hins vegar mikilvægt að búr bjóði upp á hreiðurgerð, rými til göngu og vængjablaks og að viðeigandi prik sé til staðar sem viðheldur styrk fóta ef hlúa á að velferð dýranna.

Ef litið er á kjúklinga í kjötframleiðslu virðist margt í líf skjörum þeirra ólíkt kjörum hinna íslensku landnáms hænsna sem víða sjást á vappi við íslenska bóndabæi. Kjúklingar í kjötframleiðslu eru um sex vikna þegar þeim er slátrað en þá eru þeir hálfvaxta alifuglar. Með markvissri ræktun, fæðu- og ljósanotkun hefur vaxtarhraði kjúklinganna tvöfaldast á síðustu þrjátíu árum. Brjóstvöðvarnir eru mun stærri og þyngri en forvera þeirra sem veldur miklu álagi á mjaðmir og fætur fuglanna. Í evrópskum rannsóknum hefur stór hluti fugla mælst með óeðlilegt göngulag en einnig hefur óeðlileg lögun fóta og óeðlilegur beinvöxtur greinst hjá hluta fuglanna. Virkni fuglanna minnkar eftir því sem þeir stækka og liggja þeir löngum stundum undir lok ævi sinnar. Úrgangurinn á gólfinu veldur þá oft bruna á fótum og brjósti fuglanna. Turner (2006) bendir einnig á þann þátt í sláturferlinu þegar fuglarnir eru hengdir upp á fæturna og þær auknu þjáningar sem það hefur í för með sér, sérstaklega þegar um er að ræða haltan eða beinbrotinn fugl.

Sif (Egill, 2011) bendir á að ansi þröngt sé um kjúklinga í íslenskri framleiðslu því þeir séu margir og stækki hratt. Hún segir fuglana hér einnig hafa verið ræktað á þann veg að bringurnar séu sérstaklega stórar og fuglinn eigi þá oft erfitt með að bera eigin þunga og halda

jafnvægi. Sömu velferðar vandamál virðast því koma upp í íslenskri kjúklingaframleiðslu og erlendri. Árni (2010) telur að aukið eftirlit og áhersla á verndarsjónarmið skipti mestu máli fyrir þær tegundir sem nú er notast við í verksmiðjubúskap þar sem líkamlegt og andlegt álag á þessar tegundir sé mikið.

Hér hefur verið skoðaður hluti þeirrar framleiðslu sem teljast má til verksmiðjuframleiðslu hér á landi. Þar að auki má nefna mjólkur og loðskinnaframleiðslu en ekki gefst rými fyrir frekari umfjöllun um það á þessum vettvangi. Vonin er þó sú að það sem komið hefur fram hér á undan gefi mynd af stöðu dýra í þessari gerð framleiðslu og hvaða vandamál liggur mest á að bæta úr.

Turner (2006) lýsir yfir áhyggjum af því að rannsóknir á vitsmunum og skynjun dýra hafi að miklu leiti verið bundnar við villt dýr en lítil áhersla verið á dýr í landbúnaði. Fjöldi rannsókna hafa þó sýnt fram á að margir af þeim sjúkdómum í búfé sem nútíma bændur standa frammi fyrir eru tengdir hýsingu, fæðu og kynbótastefnum sem hafa verið teknar upp til að auka framleiðslu og gróða. (Lampkin, 1990) Rannsóknir hafa einnig varpað ljósi á slæma líðan dýra sem lifa við óeðlilegar og skerðandi aðstæður. Þar hefur hræðsla og streita verið áberandi en ekki síður ráðaleysið og vonleysið sem dýrin upplifa í aðstæðum sem þau hafa enga stjórn á. Turner bendir á að ef til vill sé kominn tími til að kanna jákvæðar tilfinningar búdýra og hvernig byggja megi upp velferð á þeim grundvelli. Til að mynda er leikur ungvíðis áhugavert fyrirbæri. Mikilvægi hans og mikilvægi sambands við móður og önnur dýr, félagsmótun, þekkingaröflun og færni er verðugt rannsóknarefni. Ekki síst með hliðsjón af möguleikum ungvíðis til slíkra samskipta í verksmiðjubúskap sem og öðrum búskap.

## **2.5 Lífræn ræktun**

Þrátt fyrir að öfgafullar áherslur á háþörf framleiðslu í búskap hafi haft mikil áhrif á framleiðslu síðastliðinna áratuga, oft á kostnað annara þátta, hafa annars konar aðferðir einnig sprottið upp. Sú sem hefur hlotið hvað mesta hylli, ekki hvað síst á Norðurlöndunum, er hugmyndafræði lífrænnar ræktunar. Í lífrænum búskapur er meðal annars lögð áhersla á að umhverfi og meðferð búdýra stuðli að alhliða velferð þeirra.

Lífræn ræktun byggir á ákveðnum alþjóðlegum staðli sem leggur áherslu á að draga úr mengandi áhrifum framleiðsluhátta og virðingu fyrir náttúru og dýralífi. Lífræn ræktun fylgir ákveðinni manneldis og mannúðarstefnu. Til þess að fá lífræna vottun þarf framleiðslan að standast þennan gæðastuðul. (Kristján, 1995) Kristján fjallaði um búskap í ljósi reglna um lífræna búskaparhætti á ráðunautafundi, 1995. Hann segir grundvöll lífrænnar ræktunar vera ákveðna lífsskoðun, bæði framleiðenda og neytenda. Ef að hún er til staðar ætti ekki að vera

svo mikið mál að hverfa frá annars konar búskaparháttum og iðka lífræna framleiðslu að hans mati.

Áherslur á náttúruvernd og holla, aukaefnalaus vöru eru áberandi þættir lífrænnar ræktunar. Henni fylgir einnig velferðarstefna búdyra sem byggir á þremur megin reglum. Í fyrsta lagi eiga dýr í lífrænni ræktun að búa við kerfi í samræmi við hæstu velferðarstaðla sem byggja á alþjóðlegum reglum um lífræna ræktun en mótast einnig af laga umhverfi hvers lands. Þá á fæða og fæðumagn að vera í samræmi við þarfir dýrsins og lyfjanotkun skal haldið í lágmarki. Í staðinn skal huga að fyrirbyggjandi þáttum, svo sem góðum aðbúnaði og velferð. Í þriðja lagi á aðbúnaður og fæðukerfi að gefa dýrunum tækifæri á eðlilegu atferli eins og kostur er. (Lampkin, 90). Hér má taka dæmi af íslenskri svínarækt en Sif (Egill, 2011) gagnrýndi bæði of mikla lyfjanotkun og skert tækifæri til eðlislægs athæfis. Hún telur strangar kröfur lífrænnar ræktunnar, þegar kemur að dýravelferð, mögulega lausn frá þeirri lágu dýravelferð sem fylgir verksmiðjuframleiðslunni.

Hér á landi virðist kjötframleiðsla byggja á hefðbundnum búskap og verksmiðjubúskap en þó má finna lífræna og vistvæna framleiðslu af ýmsum toga. Ólafur R. Dýrmundsson (1997) segir vistvæna ræktun eða sértæka gæðastýringu vera hálfgerð millistig milli lífrænnar ræktunar og hefðbundins búskaps. Vistvæn framleiðsla er ekki eins bundin við alþjóðlega staðla og ekki er gerð krafa á gróður- og jarðvegsvernd. Hún leggur hins vegar áherslu á hreinleika, takmörkun lyfjanotkunnar, góðan aðbúnað og fóðrun líkt og lífræn ræktun.

Neðri Háls er dæmi um lífrænt kúabú sem hefur náð góðum árangri á íslenskum markaði en bændur búans eru stofnendur fyrirtækisins Bio-bú sem framleiðir einungis lífrænar mjólkurafurðir. Kýrnar á Neðri hálsi fá rými til að hreyfa sig og njóta félagsskaps annarra kvíga. Kálfar fá að vera hjá móðurinni fyrstu vikuna og sjúga sjálfir mjólkina úr júgrinu. Þetta er mikilvægt atriði fyrir heilbrigði bæði kálfs og móður að mati bændanna á Neðri hálsi. Einnig fá kýrnar að njóta útiveru allt árið um kring þegar veður leyfir. (Bio-bú, 2012)

Sögu lífrænnar ræktunar hér á landi má rekja til Sólheima í Grímsnesi á fjórða áratug tuttugustu aldar en Íslendingar voru með þeim fyrstu til að tileinka sér þennan búskaparhátt af Norðurlöndunum. (Ásdís, 2003) Hins vegar var félag lífrænna bænda ekki stofnað fyrr en um hálfri öld síðar, árið 1993 og gerði félagið þá drög að lífrænum framleiðslureglum með tilliti til aðstæðna hér á landi. Félagið fór í samstarf við áður stofnað félag, Lífrænt samfélag, í Mýrdal en þá hafði Lífrænt samfélag átt í viðræðum við breska vottunarstöð sem tók þátt í mótun reglnanna. Stöðin sá um að meta og votta íslenska framleiðslu þar til upp var komin íslensk vottunarstöð. (Kristján, 1995) Árið 1995, þegar Kristján skrifaði grein sína, voru íslenskir bændur sem stunduðu lífrænan búskap sex talsins. Árið 2003 voru skráð bú í

vistvænni eða lífrænni framleiðslu 30 talsins og 36 árið 2009. (Bændasamtök Íslands, 2012) Í dag sér vottunarstöðin Tún um allar íslenskar vottanir og heldur utan um upplýsingar um vottaða framleiðslu hér á landi.

Í grein sinni sem kom út fjórum árum eftir stofnun Félags lífrænna bænda, segir Ólafur R. Dýrmondsson (1997) skilyrði hér á landi til lífrænnar framleiðslu að mörgu leiti hagstæð. Ef íslenskt kjöt á að vera samkeppnishæft telur hann vænlegra að leggja áherslu á gæði en lágt verð. Hann taldi marga sauðfjárbændur og flestar afurðastöðvar geta fengið viðurkenningu Landbúnaðarráðuneytisins. Þrátt fyrir að grein Ólafs sé komin til ára sinna gefur hún ákveðnar vísbendingar um vinnubrögð og gæði íslenskra sauðfjárbúa og afurðastöðva þegar kemur að velferð sauðfjár. Að minnsta kosti gæði þeirra fyrir u.þ.b. 15 árum. Þá er vikið að velferð búdyra á þeim búum sem hvorki geta talist verksmiðjubú né hafa vistæna eða lífræna vottun. Íslensk sauðfjárrækt getur að stórum hluta talist til þess lags búskaps.

## 2.6 Hefðbundinn búskapur

Skilgreining þess sem fellur undir hefðbundinn búskapur er nokkuð óljós þrátt fyrir víðtæka notkun hugtaksins. Í tengslum við þróun búskaparháttanna til verksmiðjuframleiðslu sagði Sif (Egill, 2011) hefðbundinn búskapur ekki lengur vera hefðbundinn, svo draga má þá ályktun að hún skilgreini hefðbundinn búskapur sem þann búskapur sem algengastur var fyrir þróun verksmiðjubúskapar sem ruddi sér rúms á seinni hluta 20. aldar. Með þessu undirstrikar hún að munur er á þessum tveimur búskaparháttum og að áður fyrr hafi búskapur sem á Íslandi er orðinn verksmiðjubúskapur, verið hefðbundinn. Sif segir jafnframt að það sé ekki endilega stærð bóa sem skilji þarna á milli heldur aðbúnaður dýranna og möguleikar þeirra til eðlilegs atferlis. Hefðbundnir búskaparhættir þýða því meiri velferð búdyra, meðal annars vegna betra rýmis og eðlilegs umhverfis.

Sauðfjárræktun hér á landi er dæmi um búskapur sem af ýmsum ástæðum býður upp á mun betri aðstæður en verksmiðjuframleiðsla og mætti í flestum tilvikum teljast til hefðbundins búskaps. Þar má nefna sumarreit sauðfjárs þar sem búdyrin leika lausum hala utandyra yfir sumartímann og kindurnar fá að annast lömb sín nánast án afskipta mannsins. Staða sauðfjárs nú er í raun mun betri en hún var áður fyrr, en fram að 20. öld voru fráfarur stundaðar þar sem lömbin voru færð frá kindunum til að nýta mætti mjólkina. Þá var kindunum haldið í kvíum en lömb vanin á beit. Lömbin þrifust mun verr en við eðlilegar aðstæður og skerðing tengsla móður og afkvæmis höfðu merkjanleg áhrif á velferð beggja. (Jón og Jón, 2000)

Góðar aðstæður til eðlilegs atferlis er eitt af því sem gerir Ísland hagstætt til lífrænnar ræktunar að mati Guðjóns og Ólafs. (2002) Einnig er lítið um skaðvalda og því þörfin fyrir varnarefni minni. Lítil iðnaður og rúm beitolönd gera það að verkum að mengun er hlutfallslega lítil. Niðurstöður úr Evrópuverkefni þar sem íslenskt lambakjöt var borið saman við lambakjöt frá fimm öðrum Evrópulöndum, voru settar voru fram á ráðunautafundi árið 2000. Þar kom meðal annars fram að íslenskt lambakjöt einkenndist af villibráðabragði, meyrni og innihélt mjög lágt hlutfall streitukjöts. Streitukjöt eða DFD-kjöt er afleiðing of mikils orkutaps búdyrs fyrir slátrun og bendir til slæmrar meðferðar. Kjötið verður þá dekkra, þurrara og stífara. (Birna og fl, 2003) Þessi niðurstaða gefur ákveðnar vísbendingar um velferð íslensku kindarinnar og gæði þess búskaparhátar sem hér er skilgreindur sem hefðbundinn búskapur.

Guðjón og Ólafur fjölluðu um gæði sauðfjárafurða á ráðunautafundi árið 2002. Þeir segja hreinleika, góða meðferð og aðbúnað styrkja ímynd íslenska lambakjötsins og skapa því sérstöðu hvað varðar markaðssetningu. Með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum má útskýra þá þætti sem skapa þessa sérstöðu og styðja þannig við gæðaímynd á innlendum og erlendum mörkuðum. Þeir virðast því vera sammála Ólafi R. Dýrmondssyni (1997) um mikilvægi þess að styrkja gæðastýringu, gæðaímynd og góða framleiðsluhætti. Að minnsta kosti hvað varðar lambakjötið. Í ritinu Ráðunautafundur árið 2001 segir Ríkhart Brynjólfsson frá reynslu sinni af áralöngu sambandi við aðila í evrópskum landbúnaði. Hann vill benda á þau jákvæðu áhrif sem lífrænir og hefðbundnir búskapahættir hafa á hvorn annan og vill sjá að aðilar frá báðum hliðum nýti þá þekkingu sem hinir hafa upp á að bjóða í stað þess að tala hina aðferðina niður og gagnrýna. Á milli lífrænna og hefðbundinna bænda þarf að hans mati að ríkja jafnræði og virðing. Lífræn ræktun er viðleitni til þess að bæta úr aftengingu framleiðenda og neytenda og skapa sameiginlegan grunn sem báðir hópar fallast á. Í kjölfarið hafa áherslur á eftirlit og reglur í hefðbundnum búskap aukist á sama tíma og áhugi neytenda á gæðum eykst sem mótvægi við kröfur um lækkað verð. Það má því að mati Ríkarðs leggja frekari áherslu á sameiginlega þætti lífrænnar ræktunar og hefðbundinnar og sameiginleg markmið þeirra.

Eins og rætt var um í fyrsta hluta ritgerðarinnar þá er siðferðisvitund einn af þeim eiginleikum sem við mennirnir notum til að aðgreina mannkynið frá öðrum tegundum dýra. Sumir siðfræðingar telja að þessi eiginleiki sé einmitt ástæða þess að mannkyninu beri að koma fram við dýr af virðingu og skaða þau ekki. Aðrir telja að okkar skyldur sem siðferðilega þenkjandi dýr nái ekki yfir framferði okkar gagnvart öðrum tegundum, einfaldlega vegna þess að þær hafa ekki hæfni til gagnkvæmra siðferðisskyldna. Mörgum spurningum um skyldur manna gagnvart dýrum er enn ósvarað. Vísindamenn hafa þó lagt fram ákveðið velferðarmat þar sem mikilvægustu þættir dýravelferðar eru tíndir til. Lengi vel þótti vöxtur dýra og frjósemi vera

vísbending um alhliða velferð þeirra en rannsóknir hafa í ríkari mæli lagt áherslu á atferli og skynjun. Með því að rýna í óeðlilega hegðun búdýra má til að mynda greina streitueinkenni, vonleysi og leiða. Búskaparhættir leggja mismiklar áherslur á að gæta að velferð búdýra og á það ekki síður við um íslenskan búskap en erlendan.

Umfjöllunin hér að framan sýnir hvernig tilhneigingin til að draga úr okkar skyldum gagnvart búdýrum, eykur álag á þau. Það er að segja, þau þurfa að leggja meira á sig og lifa við verri aðstæður. Vert er að gefa valdasambandi manna og dýra gaum í þessum aðstæðum en þegar búdýrin missa tækifæri til að hafa áhrif á sínar aðstæður verður vald mannsins yfir þeim meira. Það má því velta fyrir sér hvort þessu valdi fylgi ekki jafn veigamikil ábyrgð á velferð og lífsgæðum dýranna. Eftir því sem við höfnum okkar skyldum, þeim mun meiri skyldur leggjum við á dýrin að koma til móts við okkar þarfir. Því má segja að tengsl séu milli siðferðisskyldu manna og þjónustuskyldu dýra. Eðlismunurinn er hins vegar sá að sá sem ber siðferðisskylduna hefur vald og val um að framfylgja henni. Sá sem ber þjónustuskylduna hefur lítið vald og ekkert val. Hans staða stendur því og fellur með siðferðisvitund valdhafans. Ég tel því viðurkenningu á siðferðisskyldum valdhafa eitt stærsta velferðarmál búdýra.

Hverjir eru hinir eiginlegu valdhafar í þessum efnum? Ríkjandi búskaparhættir mótast af laga og dómsumhverfi og alþjóðlegum áhrifum, en ekki síður af almenningsviðhorfum og þrýstingi neytenda. Búskaparhættir eru í stanslausri þróun og hafa breyst mikið síðustu áratugi og er Ísland engin undantekning. Að mínu mati eru hinir eiginlegu valdhafar þegar kemur að velferð búfjárs allir þeir sem geta haft áhrif á aðstæður þeirra. Velferðarmál þeirra varða því samfélagið í heild. Vitund valdhafa á velferðamálum íslenskra búdýra er umfjöllunarefni lokakafla þessarar ritgerðar. Áhersla er lögð á ákveðin hóp valdhafa en það eru íslenskir neytendur. Ætla má að aldrei fyrr hafi mikilvægi vökulla neytenda verið meira en nú, þegar lítið er til velferðar búdýra og heilbrigðis.



## Búdýr og íslenskir neytendur

Velferð búdýra hér á landi er misgóð, búskaparhættir og þróun þeirra leika þar stórt hlutverk. Aðstæður sumra tegunda búdýra, til að mynda alifugla og svína í verksmiðjubúskap, hafa vakið fræðimenn, dýravini og almenna neytendur til umhugsunar um mikilvægi velferðar og bættrar meðferðar í framleiðslu dýraafurða. Eðlilegt er að umræðan beinist að því hver beri ábyrgð á því að velferð dýra í iðnaði eða búskap sé innan siðferðismarka og hver setur þau mörk. Eins og áður kom fram í umfjölluninni um velferð búdýra leggja Fraser og Broom (1990) áherslu á hæfni og getu umsjónarmanna til að lesa í hegðun dýranna og bregðast rétt við til að tryggja að þeirra velferð sé eins góð og hægt er. Einnig má benda á hlutverk stjórnvalda í þessu samhengi sem setja lög og reglur og sjá um eftirlit búfjárhalds. Í nýlegri bók um velferð búdýra, eftir Fraser og Broom (2007) benda þeir á ábyrgð neytenda í þessu samhengi. Þeir segja það í höndum neytenda að leita sér upplýsinga um búskaparhætti og hvað felst í velferð dýra. Í kjölfar þess ættu neytendur að íhuga sína siðferðilegu afstöðu til málefnisins. Webster (1994) sér einungis tvær leiðir til að bæta kjör dýra í matvælaíðnaði, annars vegar í gegnum hertar reglur, sem neyða til bætts aðbúnaðar, eða að nýta vald neytenda. Þegar kemur að neytendum skipta upplýsingar og þekking höfuðmáli. Hann bendir á þá þróun sem hefur átt sér stað í svína- og alifuglarækt í átt að verksmiðjubúskap. Þessi breytta framleiðsluáferð hefur valdið verðfalli á eggjum, kjúklinga- og svínakjöti. Í kjölfarið hefur neysla á þessum vörum aukist á kostnað lambakjöts og nautakjöts. Hinn almenni neytandi hefur í auknum mæli kosið þá framleiðsluáferð sem hvað mest er gagnrýnd fyrir slæma dýravelferð. Í þessu samhengi bendir hann sérstaklega á að ímynd svínakjöts einkennist víða af heilbrigði, þægindum og góðu verði. Það má segja að breytingar á neyslumynstri Íslendinga bendi til svipaðrar þróunar en á tæpri hálfri öld hefur neysla kjötvara hækkað um tæp 50 prósent og neyslaukning eggja nemur um 108 prósentum. (Árni, 2010). Fyrir tíu árum hafði íslensk framleiðsla og neysla kjúklingakjöts að sama skapi aukist úr 250 tonnum í 4 þúsund tonn á rúmlega þrjátíu ára tímabili. (Friðrik, 2003)

Webster (1994) segir mikilvægt að neytendur átti sig á þeim ótvíræðu tengslum sem eru á milli velferðar búdýra og kostnaðar. Ef tryggja á ásættanlega velferð búdýra þýðir það dýrari vörur á sama hátt og verðfall veldur meira álagi og vinnu á búdýrin. Hann setur fram fjórar grundvallarspurningar sem varða dýravelferð í matvælaíðnaði, sem neytendur, framleiðendur og stjórnvöld ættu að láta sig varða. Í fyrsta lagi spyr hann hver staða okkar sé gagnvart dýrunum. Hver eru valdatengslin og hvernig metum við gildi þeirra. Næst spyr hann hvað við vitum í raun um vitsmuni dýra og eiginleika til að þjást. Það hefur löngum verið þekkt að algengustu búdýrin eru skyni gæddar verur sem þjást og skynja vellíðan og leitast

jafnframt við að komast hjá vanlíðan. Að lokum spyr hann hvað við getum gert til að tryggja velferð búdíra og hvort tillögurnar sem koma upp séu raunhæfar. (Webster, 1994)

Sambærilegar spurningar voru ofarlega í huga gesta og þinghaldara á málþingi í Norræna húsinu 11. apríl 2011. Málþingið fjallaði um aðbúnað díra í íslenskum landbúnaði og mættu um 200 manns á það. Ólafur R. Dýrmundsson, þáverandi formaður Dýraverndarsambands Íslands, benti á að bændur beri ekki einir ábyrgð á því sem er ábótavant í íslenskum búskap. Hann lagði áherslu á ábyrgð þjóðfélagsins í heild, neytenda og stjórnámálanna. Hann fjallaði einnig um mikilvægi upplýstra neytenda ef snúa á þróun búskapahátta til betri vegar. Þannig væri, að hans mati, hægt að endurvekja tengsl milli sveitar og þéttbýlis. (Náttúran, 2012)

### 3.1 Íslenskir neytendur

Til þess að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin neyslu er mikilvægt að þeir búi yfir ákveðinni þekkingu á framleiðsluferlum og merkingum. Í mastersritgerð sinni kannaði Þórunn Edwald (2006) þekkingu og viðhorf Íslendinga til siðrænnar vöru og neyslu. Viðhorf til dýravelferðar var einungis lítill hluti könnunarinnar en þar sem dýravelferð í matvælaíðnaði má teljast til siðferðilegs álitamáls, má reikna með að niðurstöður hennar séu líklegar til að endurspeglar sjálfsmýnd íslenskra neytenda og gefa vísbendingar um viðhorf þeirra til innlendra framleiðslu díraafurða. Þremur árum áður hafði Norðurlandaráð staðið fyrir samanburðarrannsókn á viðhorfum Norðurlandþjóðanna til siðrænnar neyslu og má nefna nokkur atriði varðandi viðhorf íslenskra neytenda sem þær áttu báðar sameiginleg.

Í rannsókn Norðurlandaráðs (2003) skáru Íslendingar sig töluvert frá öðrum Norðurlandþjóðum hvað varðar viðhorf til markaðssetningar og vörumerkinga. Um 74% Dana og 78% Svía töldu mikilvægt að vörumerkingar innihéldu siðrænar upplýsingar. Íslendingar lögðu áberandi minnsta áherslu á þetta tiltekna atriði en 39% íslensku þátttakendanna töldu þennan þátt mikilvægan. Þá kom fram í rannsókninni og könnun Þórunnar að Íslendingar leggðu traust sitt á stjórnvöld þegar kemur að því að ganga úr skugga um siðræna framleiðsluhætti. Íslensku þátttakendurnir í samanburðarrannsókninni nefndu fólk sem það þekkir eða hefur heyrt um í sambandi við siðræna neyslu sem bendir til þess að siðræn neysla hafi ekki áhrif á þeirra eigin upplifun eða hegðun. Ólíkt hinum Norðurlöndunum hafði menntun þátttakendanna ekki áhrif á viðhorf þeirra til siðrænnar neyslu og almennt virtust Íslendingarnir ekki hafa mótaða afstöðu til málefnsins. (Norðurlandaráð, 2003)

Í könnun Þórunnar virtist viðhorf Íslendinga að nokkru leiti vera háð menningu og voru þeir þátttakendur sem sýndu mesta siðræna vitund og hegðun líklegir til að hafa búið erlendis. Þórunn telur ákveðinn menningarmun aðgreina Íslendinga frá öðrum

skandinavískum þjóðum og veltir fyrir sér mögulegum áhrifum þess. Til að mynda hvort bandarísk áhrif hafi haft mikið að segja, en á Íslandi var bandarískur her frá 1951-2006 og bandarísk sjónvarpsútsending á mörgum heimilum fyrir tíma íslenskra sjónvarpsstöðva. Einstaklingshyggja er hér oft sögð meiri en í nágrannalöndunum og þrátt fyrir að vera velferðarríki er minni forræðishyggja en almennt í Skandinavíu. (Þórunn, 2006)

Sif (Egill, 2011) segir ímynd íslenskra fjölskyldubúa vera sterka og telur vitneskju neytenda um aðrar tegundir búskaps of litla. Í formála bókarinnar, Íslenska sauðkindin (2000) segir Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra ekkert vera nær íslenskri þjóðarsál en sauðkindin. Í þessu tilliti er áhugavert að skoða hversu mikil áhrif ímynd íslensku sauðkindarinnar hefur á almennt viðhorf íslenskra neytenda til búdyra í matvælaframleiðslu. Sauðkindin er án efa það íslenska búdyr sem er sýnilegast neytendum, bæði í markaðssetningu og á vegum landsins. Þessi sýnileiki sauðkindarinnar á sumarmánuðum styður gamla ímynd um sveitarómatík í íslenskum landbúnaði þó að aðbúnaður og slátrun sauðkindarinnar hafi líka tekið miklum breytingum.

Fáir þátttakendur könnunarinnar sögðu siðræna þætti hafa áhrif á neyslu sína en ástæðan var til að mynda sú að fólk taldi sig ekki geta haft áhrif á hegðun stórfyrirtækja. Í rannsókn Norðurlandaráðs virtust flestir íslensku þátttakendanna ekki upplifa siðræna þætti sem mikilvæga eða eitthvað sem varðaði þá sem neytendur. Það má því sjá sömu tilhneigingu til að líta framhjá upplýsingum og vanmeta eigin gerendahæfni. Skortur á þekkingu íslenskra neytenda á erlendum siðrænum vörumerkum kom Þórunni einnig á óvart.

Neytendablaðið fjallaði um niðurstöður Norðurlandaráðs og setti fram þá tilgátu að viðhorf íslenskra neytenda tengdist því að siðræn neysla væri ekki rótgróið hugtak hér á landi. Blaðið segir jafnframt siðræna neyslu felast í því að kaupa einungis þær vörur sem eru framleiddar og seldar í samræmi við siðferðileg viðmið, hvað varðar það fólk sem kemur að ferlinu öllu og í umgengni við náttúruna og lífverur. Lesendur eru einnig minntir á vald neytenda í þessum efnunum, til að styrkja fyrirtæki sem axla samfélagslega ábyrgð.

Þátttakendur í rannsókn Norðurlandaráðs og könnun Þórunnar fannst skorta upplýsingar til neytenda en einnig þótti samfélagsleg umræða lítil. Í rannsókn Þórunnar kom fram að þátttakendum hafi þótt að sterkari krafa þyrfti að vera á upplýsingagjöf fyrirtækja, en álitamál var hvort fjölmiðlar ættu að taka þátt í þekkingarmiðlun á þessu sviði. Verð á vörum og meira úrval var meðal þátta sem þátttakendurnir töldu að myndu ýta undir siðræna neyslu. Mikilvægast þótti þeim þó að Íslendingar væru fræddir um málefni sem snerta siðræna neyslu en margir upplifðu vanþekkingu á málefninu. Einnig töldu sumir þátttakendur að Íslendingar þyrftu að breyta hugarfari sínu í innkaupum og hugsa meira um þau áhrif sem neysla hefur í víðara samhengi.

Einn íslensku þátttakendanna í rannsókn Norðurlandaráðs komst svona að orði:

„Við höfum ekki lært að hugsa á þennan hátt. (We haven't learned to think this way)“

(Norðurlandaráð, 2003, bls. 48)

Þórunn tekur undir mikilvægi fræðslu og bendir á finnska rannsókn frá árinu 2004 þar sem fram kemur að skortur á upplýsingum hafi letjandi áhrif á siðræna neyslu þáttakenda. (Uusitalo & Oksanen; Þórunn, 2006) Þórunn telur að upplýsingar og vald neytandans til að stjórna eigin neyslu kalli á breytt viðhorf og aukna upplýsingakröfu. Aukin áhersla á fræðslu, vöruval, samfélagslegar umræður og bætta neytendabjónustu virðist vera þeir þættir sem þátttakendur töldu að gætu aukið siðræna neyslu Íslendinga. Skiptar skoðanir voru þó um hver þessara þátta væri mikilvægastur.

### 3.2 Gerendahæfni íslenskra neytenda

Eins og fram hefur komið hér á undan er gerendahæfni íslenskra neytenda töluvert veikari en neytenda í nágrennalöndum okkar. Ástæður þess má rekja til þriggja meginþátta, skorts á upplýsingum og umræðu, stöðnun ímyndar íslensks landbúnaðar og ríkjandi menningar, vilja og ábyrgðarleysis. Rannsókn sem Sarah Knight og fleiri (2003) gerðu á viðhorfum fólks til dýranotkunar, vekur upp áhugaverðar spurningar um áhrif upplýsinga á neytendur. Hvernig fólk upplifir hlutverk sitt sem neytendur og möguleika til að hafa áhrif á samfélagið sem það tilheyrir. Þekking þátttakendanna á ólíkri dýranotkun virtist móta viðhorf þeirra og aukinni þekkingu og reynslu af dýranotkun virtist fylgja meiri gagnrýni. Margir tengdu þekkingarleysi sitt á dýranotkun og því sem í henni felst við ákveðið viljaleysi. Þeir töluðu um að horfa framhjá upplýsingum um dýranotkun vegna óþægilegra tilfinninga sem fylgdi slíkum upplýsingum. Þátttakendur töluðu um að neikvæðar upplýsingar um dýranotkun vektu hjá þeim óþægilega tilfinningu hjálparleysis þar sem þeir sjái ekki hvernig þeir geti haft áhrif til hins betra.

Dýravelferð kom fram sem siðrænt málefni í könnun Þórunnar en þátttakendur í samræðuhluta hennar virtust ekki leggja mikla áherslu á velferð dýra í íslenskum landbúnaði. Tilfinning þátttakenda fyrir almennu viðhorfi Íslendinga var á þá leið að ill meðferð á dýrum væri ekki til í íslenskum landbúnaði. Þau töldu Íslendinga eiga það til að sjá innlendann landbúnað í rómantískum ljóma en grunaði að raunin væri önnur. Þegar kemur að dýravelferð í íslenskri framleiðslu töldu þeir ákveðna vanþekkingu einkenna viðhorf Íslendinga. Þátttakendurnir töldu, þrátt fyrir þetta, að almennt hefðu íslenskar vörur meiri gæði en erlendar en eini siðræni þátturinn sem þátttakendurnir virtust almennt sammála um að væri mikilvægur var hollusta fæðu og átti hann helst að vera lífrænn og íslenskur. Hér gætir ákveðins tvískinnungs í viðhorfum neytenda, þar sem þátttakendurnir tjáðu bæði mikið traust

á siðferðilegum búskaparháttum hérlendis en nefndu einnig óraunhæfa ímynd innlendrar framleiðslu í huga almennings. Það má velta fyrir sér hvort hér sé um að ræða ómeðvitað viljaleysi til til að fræðast meira eins og Knight lýsir í niðurstöðum sinnar rannsóknar. Ástæðan gæti verið sú að neytendur vanmeti eigin gerendahæfni og líti því framhjá upplýsingum til að draga úr tilfinningu hjálparleysis þegar kemur að þessum málaflokki.

Íslensku þátttakendurnir í könnun Þórunnar töluðu sumir um sjálfsmýnd Íslendinga og að það hefði áhrif á viðhorf okkar til neyslu hversu stutt væri síðan við urðum að efnaðri þjóð. Til að mynda þótti smæð okkar valda því að Íslendingar sjái ekki tilgang í því að hafa áhrif en að ef til vill sé annað upp á teningnum þegar um stórar þjóðir sé að ræða. Einnig töluðu þátttakendur um að Íslendingar væru kærulausir þegar kemur að neyslu og peningum. Sumir lýstu því að þeim þætti þrýstingur á meiri neyslu en þeir kærðu sig um. Þátttakendurnir virtust ekki eingöngu upplifa sig valdalitla sem neytendur heldur töluðu þeir um að erfitt væri að mótmæla á Íslandi og að það væri einfaldlega ekki í menningunni. Til að mynda væri það tilhneiging fjölmiðla að fjalla um mótmælendur í neikvæðu ljósi. Margir lögðu traust á að stjórnvöld hefðu eftirlit með og fræddu um siðræna þætti og sumir töldu að fyrirtæki ættu að gefa út meiri upplýsingar um sitt framleiðsluferli.

Upplifun þátttakendanna á eigin gerendahæfni var sambærileg í rannsókn Norðurlandaráðs (2003) en það voru einungis íslenskir þátttakendur sem töldu að stjórnvöld gætu ein hjálpað við að byggja upp siðræna vöruframleiðslu. Það má því segja að upplifun þeirra á ábyrgð neytenda hafi verið í lágmarki. Nefnd sem skipuð var af forsætisráðherra Íslands árið 2007 til að skoða ímynd Íslands stóð fyrir rannsókn á innri ímynd Íslendinga. Með innri ímynd ár átt við hvað Íslendingar sjálfir álíta að einkenni sína þjóð og land. Rýnihóparnir sem tóku þátt voru í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði. Einn þáttur sem þátttakendur töldu mikilvægan þegar kom að tækifærum Íslendinga erlendis voru ómenguð matvæli. Hugmyndir um að fólk viti hvað það fær þegar það kaupir íslenskt komu fram og var náttúran og hreinar náttúruafurðir, sem eru nokkuð lausar við sýklalyf og önnur aukaefni, áberandi í umræðunni. (Svafa, 2008) Rannsóknin staðfestir þau tengsl hreinleika og íslenskrar vöruframleiðslu sem virðist hafa ríkt í hugum Íslendinga allt fram að efnahagshruninu 2008. Engar rannsóknir á viðhorfum íslenskra neytenda til siðrænnar neyslu hafa verið framhvaðar síðan og því einungis hægt að geta sér til um það hvort einhverjar breytingar hafi átt sér stað.

Ein vísbending um aukna gerendahæfni Íslendinga er aukin þátttaka í mótmælum en hörðustu mótmæli á Íslandi í áratugi áttu sér stað í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. (mbl, 2009) Einstaklingsaflið virðist hafa styrkst sem má til að mynda sjá í öflugri starfsemi ýmissa samtaka en einnig í stofnun nýrra samtaka. Sýnilegur áhugi á dýravelferð hefur aukist en á ársfundi Dýravelferðarsamtakanna vorið 2011 hafði meðlimum samtakanna fjölgað úr 50

félögum í 220 frá síðasta fundi. (DSÍ, 2012) Af þessu má ætla að efnahagskreppan hafi vakið íslenska neytendur að einhverju leiti til vitundar og þar af leiðandi frumkvæðis. Að minnsta kosti hvað varðar dýravelferð.

### 3.3 Neytendafræðsla og samfélagsumræða

Íslenskir neytendur virðast hafa lagt mikið traust á stjórnvöld til að gæta þess að innlend framleiðsla brjóti ekki í bága við siðferðileg viðmið. Það má velta fyrir sér hvaða upplýsingar sem varða íslensk búdyr og búskaparhætti nái til neytenda. Hvort það séu skilaboð kjötvinnslufyrirtækja sem auglýsa vörur sínar, samfélagsleg umfjöllun, umfjöllun fjölmiðla eða eitthvað annað. Þórunn (2006) bendir á að óháð samtök séu starfrækt á öllum Norðurlöndunum fyrir utan Ísland sem skoða innlend fyrirtæki og framleiðslu þeirra erlendis í siðrænu samhengi. Megin tilgangur þeirra er að ganga úr skugga um að mannréttindi og öryggismál séu í lagi, auk þess að fræða almenning um siðræna neyslu. Þar má nefna dönsku samtökin Danwatch sem eru sjálfstæð og óháð miðlunar- og rannsóknarsamtök, styrkt af danska menningarmálaráðuneytinu. Samtökin vinna eftir ákveðnum siðferðisreglum sem móta bæði val á málefnum og framsetningu þeirra. (Danwatch, 2012) Þórunn telur að slík samtök geti verið gagnleg hér á landi til að ýta undir meðvitaða siðræna neyslu, til að leiðbeina og vekja áhuga almennings á siðrænum málefnum.

Frjálsum félagasamtökin Velbú urðu til eftir efnahagshrunið 2008 en tilgangur þeirra er að stuðla að bættri velferð í búskap. Samtök lífrænna neytenda voru stofnuð í mars 2011 og er tilgangur þeirra að stuðla að aukinni neyslu og framleiðslu lífrænna vara með höfuð áherslu á velferð almennings, búdyra og verndun náttúrunnar. Í grein sem birtist í Neytendablaðinu (2011) um dýravelferð á Íslandi, eru miklar vonir bundnar við batnandi velferð búfjár með tilkomu þessa tveggja samtaka. Þar er neytendum bent á tilhneigingu íslenska ríkisins og dómstóla til að taka vægt á málum sem varða brot á dýraverndunarlögum. Til að mynda er sjaldgæft að bændur missi réttindi til búfjárhalds þrátt fyrir ítrekuð brot og hefur matvælastofnun ekki heimild til að stöðva afurðasölu. Samkvæmt blaðinu geta neytendur því átt á hættu að kaupa afurðir dýra sem hefur verið brotið á án þess að vita af því. (Neytendablaðið, 2011)

Hvað varðar siðræna framleiðslu almennt eru engin samtök starfrækt á Íslandi sem eru sambærileg öðrum samtökum á Norðurlöndunum og má því segja að aðgangur íslenskra neytenda að almennum upplýsingum varðandi siðræna þætti í okkar nærumhverfi séu minni. Neytendasamtökin komast ef til vill næst því en samtökin hafa það hlutverk að gæta hagnuna neytenda, að gæta þess að viðskipti byggji á sanngirni, veita upplýsingar og aðstoða þá. Á heimasíðu Neytendasamtakanna má finna almennar upplýsingar um siðræna neyslu,

erfðabreytta framleiðslu og fleira en engar frekari upplýsingar um tengsl við innlend fyrirtæki eða markað. (Neytendasamtökin, 2012).

Síðustu ár hafa netmiðlar og spjallsíður á borð við fésbókina notið síaukinna vinsælda. Margir þekkja af eigin raun hvernig slíkar síður gefa aukin tækifæri til að vekja athygli á ákveðnum málefnum og segja sína skoðun á þeim. Ef tekið er dæmi af Fésbókarsíðu Velbús eru aðdáendur síðunnar 971 talsins. Inn á síðuna koma reglulega upplýsingar tengdar búdyrum og þeirra velferð sem aðdáendur ættu margir að sjá á auðveldan hátt í gegnum veggjakerfi síðunnar. Dæmi má taka af hvatningu samtakanna til að styrkja lífræna svínaræktun vegna velferðasjónarmiða. Innslagið var sett inn 13. júní 2012 og hafa 68 manns látið sér líka við færsluna og 161 hefur deilt því með Fésbókarvinum sínum. (Fésbók Velbú, 2012) Í báðum tilfellum ganga upplýsingarnar áfram til vina. Þeir eru mismargir en geta skipt hundruðum. Dæmi hafa sýnt hversu afkastamikil fésbókin getur verið þegar kemur að því að dreifa upplýsingum, bæði skoðunum og vitneskju fésbókarvina og greinum og öðru efni af fréttamiðlum. Þegar kemur að upplýsingamiðlun um siðræna þætti og annað má telja að síður á borð við fésbókina séu mikilvægur liður í nútíma samfélagi. Hins vegar má segja að Fésbókin skipti þjóðinni upp í ákveðna hópa, vinahópa, fjölskyldur og örsamfélög fólks sem deilir áhugamálum eða lífsskoðunum. Upplýsingaflæði um ákveðin málefni geta því farið á milli manna innan ákveðins hóps án þess að aðrir hópar fái nokkra vitneskju af málefninu. Því er upplýsingaflæðinu settar ákveðnar hömlur og krefjast ákveðins frumkvæðis og áhuga neytenda. Áhugavert rannsóknarefni væri að kanna hvort aukið atbeini almennings sé merkjanlegt eftir efnahagshrunið fyrir fjórum árum og mögulegan þátt netsamskipta í þeim breytingum.

Þegar kemur að vilja fyrirtækja til að breyta yfir í siðrænni vöruframleiðslu hefur þrýstingur og mat neytenda mikil áhrif. Eric Wieffering (1993) fjallar um tilraunir verslunarkeðjunnar Walmart til að laða að neytendur með umhverfisvænri stefnu. Hann vitnar í Peter Stisser, formann Roper samtakanna (The Roper Organization) sem sérhæfa sig í könnunum á almenningsviðhorfi í Bandaríkjunum en hann segir að umhverfisvæn ímynd fyrirtækja sé þriðja árangursríkasta leiðin að hjörtum neytenda. Þau stórfyrirtæki sem þegar hafa skapað sér gott orð fyrir verð og gæði keppast um hinn eftirsóttu umhverfisstimpil neytenda. Á undanförunum árum hefur aukin áhugi bandarískra stórfyrirtækja á velferð búdyra vakið athygli, en meðferð búdyra sem notuð eru í vörur stórra verslunarkeðja sætt mikilli gagnrýni. Í grein sinni um velferð alifugla telur Duncan (2004) þessa nýju stefnu fyrirtækjanna jákvætt merki og vísbendingu um að ástandið muni batna í framtíðinni. Einnig bendir hann á breytingar til batnaðar í opinni fræðilegri umræðu um velferð búdyra og fræðslu. Aukin umræða og strangari reglur fyrirtækja á borð við McDonalds, Burger King og Kentucky Fried Chicken eru líklegar til að auka velferð alifugla í Norður-Ameríku að hans

mati, þar sem barátta fyrir velferð búdíra hefur verið í hæðagangi. Það má velta fyrir sér hvort þessir þættir hafi ef til vill áhrif hvor á annan. Hvort aukið upplýsingaflæði ýti á fyrirtæki að bæta framleiðsluhætti sína og á sama hátt hvort yfirlýsingar stórra veitingakeðja vekji almenning til frekari vitundar á málefnum sem varða velferð búdíjar.

Stórar bandarískar verslunarkæðjur virðast vera að breyta sínum áherslum til að koma til móts við neytendur. Markaður fyrir umhverfissvænar og siðrænar vörur fer sífellt stækkandi og veitingakeðjur á borð við McDonalds sjá hag í að breyta sinni stefnu. Flestir kannast við áherslur McDonalds á fjölskyldur og barnafólk, einkenni kæðjunnar er trúður og með barnamáltíðum koma lítil leikföng. Kæðjan hefur því markaðssett ákveðna tilfinningu sem hefur líklega haft afgerandi áhrif á velferð kæðjunnar. Framsetning heimasíðu kæðjunnar er áhugaverð þar sem hún sýnir glögg merki þess að ný markaðsstefna hafi verið tekin. Á forsíðunni mæta neytendum myndir af fjórum einstaklingum sem framleiða fyrir kæðjuna. Bændurnir eru nafngreindir og má til að mynda sjá nautgripi á beit í stórru girðingu fyrir aftan nautgripabóndann. Hér er að mínu mati um augljósa markaðssetningu að ræða og vísa myndirnar bæði í díravelferð, mannúðarsjónarmið og rekjanleika hráefnanna. (<http://www.mcdonalds.com>) Fyrirtæki hér á landi sem selja kjötvörur og önnur matvæli frá búdírum hafa lítið tjáð sig um díravelferð. Þau skilaboð frá þeim sem ná helst til eyrna neytenda eru í gegnum auglýsingar, en þær virðast almennt ekki innihalda neina lýsingu á gæðum eða öðru varðandi vöruna, ef horft er til helstu auglýsinga nýliðins sumars til viðmiðunar. Taka má dæmi af tveimur söluaðilum sem eru áberandi í sölu til almennra neytenda, en þeir standa annars vegar á bak við Goða, sem er í eigu Norðlenska og Sláturfélag Suðurlands (SS). Auglýsingar beggja söluaðila einkennast af karlpersónu sem er miðlægur þáttur í auglýsingaherferðum þeirra og er grín einkennandi fyrir auglýsingarnar. Í auglýsingum SS reynir Árni fyrir sér sem pulsusali í Kaupmannahöfn en þær eru jafnframt hans helsta áhugamál. Undirþema auglýsinganna er hinn vinsæli þáttur „Sjálfstætt fólk“ sem Stöð 2 hefur sjónvarpað en í þættinum er farið um landið, spjallað við Íslendinga og fræðst um þeirra störf og áhugamál. Slagorð SS sem hefur sem hingað til hefur verið „Íslendingar, borða SS pylsur“ er breytt í þessari herferð og er þess í stað „Sjálfstætt fólk borðar SS pylsur“. Auglýsingarnar gera létt grín að útrás Íslendinga og sjálfsmýnd. (Sláturfélag Suðurlands, 2012) Í herferð Goða er „grill goðinn“ í aðalhlutverki en hann er miðaldra maður sem leggur allan sinn metnað í að grilla kjöt. Jafnframt neitar hann að grilla matvæli sem innihalda ekki kjöt og grillar pylsur sem meðlæti. (Goði, 2012)

Þegar auglýsingar sem þessar eru skoðaðar er áhugavert að velta fyrir sér tilgangi og siðferði auglýsinga og áhrifum þeirra á neytandann og val hans með tilliti til siðrænna búskaparháttanna. Þegar kemur að auglýsingum kjötvara nýliðins sumars virðist megin tilgangurinn vera að grípa áhorfandann með stuttum gamanþætti og vekja í gegnum það



athygli á vörumerkinu en tengingin við uppruna vörunnar og framleiðslu eða upplýsingar um gæði voru litlar sem engar. Áhugavert væri að skoða slíkar auglýsingar frekar, jafnvel útfrá ólíkum fögum, svo sem siðfræði, mannfræði og kynjafræði en það verður að bíða betri tíma. Það verður áhugavert að sjá hvort íslenskir framleiðendur og söluaðilar breyti um markaðsstefnu á næstu árum líkt og sumar af stærstu bandarísku verslunarkeðjunum hafa gert og hvort það muni endurspeglar aukinn áhuga neytenda á siðrænum málefnum. Í dag eru það helst sérværslanir sem bjóða upp á kjötvörur í sérstökum gæðaflokkum en einnig hefur heimasíðan „Beint frá býli“ gert neytendum kleyft að kaupa beint frá bændum og er markmiðið að auka gæði og rekjanleika afurða og hvetja til sölu og heimavinnslu. ([Beint frá Býli](#), 2012)

Hér hefur einungis verið dregið á því sem hefur hvað mest áhrif á viðhorf og þekkingu neytenda á dýravelferð og tel ég frekari umfjöllun nauðsynlega ef auka á möguleika neytenda á að láta sig málefnið varða. Margt bendir til þess að hluti neytenda sé meðvitaðari um siðræna neyslu og mikilvægi dýravelferðar í framleiðslu og það sem meira er, sé tilbúnari til að láta sig málefnið varða. Hvort aukin áhugi endurspeglar víðtækari viðhorfsbreytingar og hvort efnahagshrunið fyrir fjórum árum sé mögulegur áhrifavaldur, er ekki hægt að staðhæfa hér. Eins má vera að efnahagshrunið hafi ýtt undir aukna neyslu ódýrra framleiðsluafurða frá búum sem leggja takmarkaða áherslu á dýravelferð. Umfjöllunin kallar á rannsókn á viðhorfum íslenskra neytenda til siðrænnar neyslu.

Það er sameiginleg ábyrgð samfélagsins í heild að ganga úr skugga um og tryggja að velferð búfjár sé ásættanleg. Með því að nýta þá þekkingu sem þegar er til staðar á líkamlegri og andlegri velferð búdýra er þetta markmið mögulegt. Það er þó ekki fyrr en þekking almennings á aðstæðum búdýra og velferð er eflað, að markmiðið verður fyrst raunhæft. Hæfir bændur, vakandi stjórnvöld og upplýstir neytendur eru lykill þess að markmiðinu verði náð. Í samanburði við önnur Norðurlönd virðast íslenskir neytendur töluvert á eftir nágrönnum sínum hvað varðar þekkingu á siðrænni neyslu og höfðu, fyrir nokkrum árum, litla trú á eigin gerandahæfni. Meiri kraftur almennings í velferðarmálum búdýra síðustu árin bendir til þess að gerandahæfni Íslendinga hafi, að einhverju leyti, styrkst frá efnahagshruninu 2008.

## Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið leitast við að skoða velferð búdyra í íslenskum landbúnaði, með álitamál siðfræðinga og siðferði íslenskra neytenda í huga. Skiptar skoðanir eru innan siðfræðinnar hvað skipti máli þegar siðferðileg staða dýra er ákvörðuð. Siðfræðingar sem aðhyllast kantisma telja að ekki skuli taka siðferðilegt tillit til dýra og er ein helsta ástæða þess vangeta dýra til að bera samfélagslega ábyrgð. Aðrir telja eiginleika dýra til skynjunar sársauka og vellíðunar mikilvæga þætti sem þurfi að taka tillit til. Hvort dýr geti haft ákveðin réttindi er álitamál innan siðfræðinnar en sumir telja réttindi einungis eiga við þá sem geta tekið á sig siðferðislegar skyldur. Réttindi einstaklinga sem ekki geta tekið á sig skyldur, til að mynda ungbarna og alvarlega fatlaðra hafa verið helstu mótrök gegn því að dýr fái ekki að njóta hins sama.

Hér hefur verið dregin upp mynd af aðstæðum og velferð íslenskra búdyra. Með því að bera saman íslenska búskaparhætti, niðurstöður erlendra atferlisrannsókna og mat fræðimanna á velferð búdyra í slíkum aðstæðum, má sjá að hluti íslenskra búdyra lifir við kjör sem eru óásættanleg. Óeðlileg einkenni leiða, streitu og vonleysis er meðal annars það sem hefur verið greint hjá búdyrum í búrum og stíum en dæmi um birtingamynd þessarra einkenna eru halabít grísa og kropp búrhænsna hvor í aðra. Einnig eru líkamleg einkenni hreyfingaleysis og kynbóta greinanleg í aukinni tíðni beinbrota alifugla og varphænsna.

Það eru hins vegar ekki fræðimenn á borð við þá sem hér hefur verið vitnað í sem ákvarða hvar siðgæðismörkin liggja. Hversu slæm lífsskjör búdyra samfélagið leyfir. Það er valdhafanna að tryggja að velferð búdyra endurspegli þeirra siðferðiskennd. Hér hefur áhersla verið lögð á þann hóp íslenskra valdhafa sem eru neytendur og þeirra viðhorf gagnvart málefni.

Ég tel vera gjá á milli velferðar dýra í íslenskum búskap og siðferðiskenndar íslenskra neytenda. Um aðstæður búdyra er lítið rætt í samfélaginu. Þekking neytenda hefur verið takmörkuð og afstaða þeirra óljós eins og kom til að mynda fram í rannsókn Norðurlandaráðs. Einnig virðast íslenskir neytendur ekki hafa áttað sig á eigin gerendahæfni en aukin þátttaka í mótumælum og frjálsum félagasamtökum gæti verið vísbinding um aukið atbeini þeirra. Með því að auka gegnsæi og, eins og Ólafur R. Dýrmundsson komst að orði, endurvekja tengsl sveita og þéttbýlis, tel ég að hægt væri að draga úr því misræmi sem er nú á milli vilja neytenda og bænda annars vegar og velferðar búdyra hins vegar. Því tel ég að velferð íslenskra búdyra varði hagsmunum allra, neytenda, bænda og búdyra og úrbætur stuðli að heilbrigðara samfélagi.

Í inngangi ritgerðarinnar sagði ég frá ungunum mínum þremur sem vöktu mig eitt sinn af værum blundi þekkingarleysis. Að mínu mati voru þeir lifandi sönnun þess að hagsmunir okkar, valdhafanna, eru teknir fram yfir grundvallar hagsmuni íslenskra búdíra. Ein ástæða þróunarinnar sem hefur orðið í þessa átt er þrýstingur um lægra vöruverð og má því segja að vald neytenda liggi að vissu leyti í veskinu. Mikilvægi þess að neytendur afli sér upplýsinga og vanmeti ekki eigin gerendahæfni er lykilþáttur til samfélagsbóta. Það er því kappsmál að neytendur hafi þor til að takast á við málefnið.

## Heimildir:

Árni Stefán Árnason (2011). *Hin leynda þjáning búfjár á Íslandi: Um réttaráhrif og framhvæmd dýraverndarlaga*. (Meistararitgerð, með leyfi höfundar) Háskólinn í Reykjavík: Reykjavík.

Ásdís Helga Bjarnadóttir (2003). *Lífrænn landbúnaður - framleiðsla, sala og markaðssetning*. Birt í Ráðunautafundi bls 252-255. BÍ: Reykjavík. Sótt á netið 12 maí 2012:  
<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/bea3e79ed4b620ef00256cd000623b25?OpenDocument>

Beint frá býli (2012), sótt 21. ágúst 2012 af: <http://beintfrabyli.is/>

Bentham, J. (1823) *Introduction to the Principles of Morals and Legislation*. Lincoln's-inn fields; London. Sótt á netið 2 september 2012:  
[http://books.google.is/books/about/An\\_introduction\\_to\\_the\\_principles\\_of\\_mor.html?id=ZWcAAAAAMAAJ&redir\\_esc=y](http://books.google.is/books/about/An_introduction_to_the_principles_of_mor.html?id=ZWcAAAAAMAAJ&redir_esc=y)

Birna Baldursdóttir, Guðjón Þorkelsson, Jóhannes Sveinbjörnsson og fleiri (2003). *Meðferð sláturdýra og kjötgæði*. Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri, embætti yfirdýralæknis og fleiri. Reykjavík. Sótt á net 20. maí 2012:  
<http://www.mast.is/Uploads/document/leidbeiningar/MedferdSlaturdyaogKjotgaediLR.pdf>

Bio-bú (2012) Sótt 22. ágúst 2012 af: <http://www.biobu.is/>

Jón Bjarnason (2011) Reglugerð um aðbúnað og heilbrigði svína. Sótt á vef 15. ágúst 2012:  
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=2eedef15-af33-4a49-a1c3-be1998dc83dd>

Broom, D. M. & Fraser, A.F. (2007). *Domestic Animal Behavior and Welfare 4. ed.* Cambridge University Press: Cambridge.

Burghardt, G. M. (2009). *Ethics and Animal Consciousness: How Rubber the Ethical Ruler?* Journal of Social Issues, 65(3), 499-518.

Bændasamtök Íslands (2012) Hagtölur landbúnaðarins 2010. Sótt 25 júlí 2012:  
<http://bondi.is/pages/23/newsid/902>

Danwatch (2012). Sótt 20 ágúst 2012 af: <http://www.danwatch.dk/>

Doerfler, R.L. (Peters, K.J.?) (2006). *The relativity of ethical issues in animal agriculture related to different cultures and production conditions*. Humboldt Universitat zu Berlin: Berlin, Germany.

Duncan (2004). *Measuring and Auditing Broiler Welfare (formáli)*. University of Bristol: UK.

Dýraverndarsamband Íslands (2012) sótt 22. ágúst 2012 af: <http://www.dyravernd.is/>

Egill Helgason (2011, 11. desember). Viðtal við Sif Traustadóttur. Sótt á net:

<http://www.ruv.is/sarpurinn/silfur-egils/11122011/sif-traustadottir-dyralaeknir>

Fésbókarsíða Velbú (2012) Sótt 21. ágúst 2012: <http://www.facebook.com/velbu.is>

Fox, M. A. (2010). *The moral community*. Í LaFollette (ritstj.), *Ethics in Practice* (bls. 181-191). Oxford: Blackwell Publishing.

Francione, G. L. (2008). *Animals as Persons: Essays on the Abolition of Animal Exploitation*. New York: Columbia University Press.

Fraser, A.F. & Broom, D.M. (1990) *Farm animal behaviour and welfare (3. edition)*. Bailliere tindall: London.

Friðrik G. Olgeirsson (2003). *Alifuglinn; Saga alifuglaræktar á Íslandi frá landnámi til okkar daga*. Félag eggjaframleiðenda; Reykjavík.

Goði (2012). Sótt 21. ágúst 2012 af: <http://www.godi.is/>

Grísagarður (2012) Sótt 4. maí 2012 af: <http://gg.info.nu/grisagardur.html>

Guðjón Þorkelsson og Ólafur Reykdal (2002). *Gæði sauðfjárafurða*. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælastofnunin Keldnaholti og Háskóli Íslands. Sótt 24. maí 2012: <http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/6d3d18e301de1f5e0025768c00561c33/69d8b69304aee69500256c300004c658?OpenDocument&Highlight=0,marka%C3%B0ssetning>

Jón Torfason og Jón Viðar Jónmundsson (2000). *Íslenska sauðkindin*. Bókaútgáfan Hofi: Ísland.

Jón Torfason (2002) *Melrakki: Loðdýr, hænsn, geitur, svín*. Bókaútgáfan Hofi: Ísland.

Knight, S.; Nunokoosing, K.; Vrij, A.; Cherryman, J. (2003). *Using grounded Theory to Examine People's Attitudes Toward How Animals are Used*. *Society & Animals* 11, 4 (307-326).

- Kristján Oddson (1995). *Búskapur í ljósi reglna um lífræna búskaparhætti*. Birt í *Ráðuneytafundur* (bls. 248-251). Sótt á netið 15. Mars 2012:  
<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/6d3d18e301de1f5e0025768c00561c33/9c40c52254c696b900256c4f003f732b?OpenDocument&Highlight=0,marka%C3%B0ssetning>
- Lampkin, N (1990) *Organic farming*. Farming press: Ipswich, United Kingdom.
- Lee, E. (2008). *How Should Animals Be Treated?* Birt í *Ethics, Place and Environment*. 11(2) 181-189. Sótt á netið 29. mars 2012:  
<http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=23&hid=104&sid=5ccb3691-99b6-4caf-9521-e4dd3229d473%40sessionmgr113&bdata=JnNpdGU9ZWZWhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=33299448>
- Náttúran (2012). Málþing um aðbúnað dýra í Norræna húsinu. Sótt 21. júní 2012 af:  
<http://nattura.is/frettir/6361/>
- Neytendablaðið (2011). *Dýravelferð í skötulíki*. Sótt 19. ágúst 2012:  
<http://ns.is/ns/upload/files/neytendabladid/2011/dyravelferd.pdf>
- Neytendasamtökin (2012) Sótt 19. ágúst 2012: <http://ns.is/ns/ns/>
- Norðurlandaráð (Nordic Council of Ministers) (2003). *Etisk forbrug i Norden: Hvordan engageres forbrugerne i etisk forbrug?* Copenhagen: Nordic Council of Ministers. Sótt á vef: <http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2003-557>
- MBL (2009) Mestu mótmæli frá 1949. Fjölmíðlafrétt. Sótt á netið 2. september 2012:  
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1265377/>
- O'hagan, Emer (2009). *Animals, Agency, and Obligation in Kantian Ethics*. Birt í *Social Theory and Practice*. 35(4), 531-554.
- Ólafur R. Dýrmundsson (1997). *Lífræn og vistvæn sauðfjárrækt*. Birt í *Ráðunautafundur* bls. 62-65. BÍ: Reykjavík. Sótt:  
<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/6d3d18e301de1f5e0025768c00561c33/ee7f269f569198f100256c4f003f7325?OpenDocument&Highlight=0,%C3%8Dmynd,neytendur>
- Pascalev, A. K. (2006). *We and they: Animal Welfare in the era of advanced agricultural biotechnology*. *Livestock Science* 103(2006). 208-220. Sótt á net 29. mars 2012.
- Regan, T. (2010) *The Case for Animal Rights*. Í LaFollette (ritstj.), *Ethics in Practice* (bls. 140-149). Oxford: Blackwell Publishing.
- Reglugerð nr. 219 (1991). *Aðbúnaður og heilbrigðiseftirlit með svínabúum*.

- Ríkharð Brynjólfsson (2001). *Lífrænn/Hefðbundinn landbúnaður – Andstæður eða hliðstæður?* Birt í Ráðunautafundur bls. 36-41. LBH: Reykjavík.
- Singer, P. (2010). *All animals are equal*. Í LaFollette (ritstj.), *Ethics in Practice* (bls. 171-180). Oxford: Blackwell Publishing.
- Sláturfélag Suðurlands (2012). Sótt 21. ágúst af: <http://www.ss.is/>
- Steiner, G. (2005). *Anthropocentrism and its descontents: The Moral Status of Animals in the History of Western Philosophy*. Pittsburg: University of Pittsburg Press.
- Svafa Grönfeldt o.fl. (2008) *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna*. Forsætisráðuneytið: Reykjavík.
- Turner, Jacky. (2006) *STOP-LOOK-LISTEN: Recognising the sentience of farm animals*. Skýrsla á vegum Compassion in World Farming Trust: Hampshire UK. Sótt á net: [http://www.ciwf.org.uk/resources/publications/behaviour\\_sentience/default.aspx](http://www.ciwf.org.uk/resources/publications/behaviour_sentience/default.aspx)
- Webster, J. (1994). *Animal welfare: A Cool Eye towards Eden*. Blackwell Science: Oxford.
- Wieffering, Eric (1993). *Walmart Turns Green in Kansas*. Birtist í: *American Demographics*, 15(12), 23. Sótt á netið 2. September 2012: <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=3&hid=125&sid=87ebdd9f-e53e-42b0-8650cf2205d96779%40sessionmgr111&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbG12ZQ%3d%3d#db=aph&AN=9407280411>
- Þórunn Edwald (2006). *Ethical Consumption and Corporate Social Responsibility: a view from Iceland*. (Meistararitgerð, með leyfi höfundar) Bournemouth University: Bretland.